# FRÉTTABLAÐIÐ

271. TÖLUBLAÐ 20. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FIMMTUDAGUR 24. DESEMBER 2020




# Sólin mun aftur skína á fjörðinn

Jóhann Björn Sveinbjörnsson hefur búið á Seyðisfirði alla sína ævi, eða nærri 87 ár. Hann hefur áður upplifað aurskriður líkt og þær sem féllu á dögunum, en hann var fyrstur á vettvang þegar mannskæð aurskriða féll árið 1950 og gróf þar upp unga stúlku og bjargaði þannig lífi hennar. →18

> Ég sá hvar húsið hafði staðið og fór þangað. Þegar ég kom þá heyrði ég í stelpunni, sem var sú eina sem lifði af.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



## Íslendingar hitta fáa um þessi jól

Langflestir hitta færri þessi jól en áður, samkvæmt könnun. → 4



## Árið 2020 með augum ljósmyndara

Eitt sérkennilegasta ár allra tíma fangað af ljósmyndurum Fréttablaðsins. →10



## Einbúi í Djúpinu

Indriði á Skjaldfönn lýkur útiverkum í fyrra lagi til að ná jólamessunni í betri fötunum. → 22









Nanna Vibe Juelsbo í Herðubreið.

# Seyðfirðingum boðið í jólamat

**SEYÐISFJÖRÐUR** „Það er enn hópur fólks sem hefur ekki getað farið heim til sín og hér býr líka fólk sem á ekki fjölskyldu hér, svo öllum stendur til boða að borða hérna í kvöld,“ segir Nanna Vibe Juelsbo, íbúi á Seyðisfirði.

Nanna hefur ásamt hópi fólks, undirbúið jólakvöldverð í Herðubreið, félagsheimili Seyðisfjarðar.

Þjónustumiðstöð almannavarna var opnuð í Herðubreið eftir að skriðurnar féllu. Segir Nanna að þar hafi myndast umræða um hvað skyldi gera á jólunum.

„Í ljós kom að margir vissu ekki hvað þeir ættu að gera, hér er fólk sem er búið að missa allt sitt, svo okkur datt þetta í hug,“ segir Nanna.

**» Kvöldverðurinn hefst klukkan sex í kvöld og verða hinar ýmsu jólakræsingar á boðstólum, hangikjöt, dönsk skinka og vegan hátíðarmatur.**

Þá segir Nanna mikinn samhug ríkja í bænum og að allir séu tilbúnir til að leggja hönd á plóg.

„Við höfum fengið ótrúlega mikið af mat gefins, bæði frá fyrirtækjum og einstaklingum. Svo hafa bæði Múlaþing og Rauði krossinn verið mjög rausnarleg,“ segir Nanna.

Kvöldverðurinn hefst klukkan sex í kvöld og verða hinar ýmsu jólakræsingar á boðstólum, hangikjöt, dönsk skinka og vegan hátíðarmatur.

„Við gerum ráð fyrir um fimmtíu manns en allir eru velkomnir. Hér ríkir jólaandinn svo sannarlega,“ segir Nanna Vibe Juelsbo. **– bdj**

# Fréttir um jólahátíðina

Um jólahátíðina verða fréttir fluttar á frettabladid.is og hringbraut.is. Jafnframt er á þessum miðlum að finna lengri viðtöl og umfjallanir. Næst kemur Fréttablaðið út þriðjudaginn 29. desember.

## Jólin koma



Það var Þorláksmessugalsi í jólasveinunum sem sprelluðu af list á Laugavegi í Reykjavík í gær. Slangur var af fólki á búðarápi í miðbænum, þó miklu færri en venja er til á þessum æðsta degi verslunar á Íslandi. Þeir sem mættu nutu rólegrar hátíðarstemningar sem færðist yfir eftir því sem leið á daginn. Ekki er útlit fyrir að veðrið verði fallegt í kvöld, sérstaklega ekki vestanlands, þar sem spáð er roki og rigningu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Auglýstu ei starf forsetaritara í takt við lögin

**STJÓRNSÝSLA** Frestur til að sækja um embætti forsetaritara hefur verið framlengdur til 6. janúar vegna mistaka við fyrri auglýsingu. Umsóknarfrestur átti að renna út 15. desember.



**Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands.**

„Ástæðan er sú að okkur láðist að auglýsa embættið í Lögbirtingablaðinu eins og lög gera ráð fyrir. Nú hefur verið ráðin bót á því en umsóknarfrestur framlengist af þeim sökum til 6. janúar,“ segir Örnólfur Thorsson forsetaritari sem lætur senn af störfum eftir rúmlega tveggja áratuga starf hjá forsetaembættinu. **– bþ**






# Tenging milli flúors í hestum og áliðnaðar

**Samkvæmt nýrri rannsókn má rekja drjúgan hluta flúors í íslensku umhverfi til áliðnaðar. Skoðuð voru 223 sýni úr hrossum víðs vegar um landið og styrkur flúors í kjálkum skepnanna mældur. Hæstu gildin koma frá Vesturlandi.**

**IÐNAÐUR** „Það er svolítið áhugavert að það sé svona mikil tenging við álverið í Hvalfirði,“ segir Brynja Valgeirsdóttir, sem varði nýverið meistararitgerð sína í búvísindum við deild Ræktunar og fæðu hjá Landbúnaðarháskóla Íslands, en ritgerðin heitir Flúor í íslenska hestinum.

Brynja skoðaði kjálkasýni úr 223 hrossum og mældi styrk flúors frá fjórum landshlutum en ekki tókst að fá sýni frá Vestfjörðum.

Hæsti flúorstyrkur fyrir hvern aldurshóp var úr hrossum á Vesturlandi. Er Brynja skoðaði fylgni og mældi flúorstyrk í hrossum þaðan og fjarlægð frá álverinu í Hvalfirði, fannst marktæk, neikvæð fylgni, sem gefur til kynna að drjúgur hluti flúors í íslensku umhverfi eigi rætur sínar að rekja til áliðnaðar.

„Niðurstöðurnar sem ég fékk er að hæstu gildin er að finna á Vesturlandi, og voru þau marktækt hærri en í hrossum af Suðurlandi. Það fannst okkur svo áhugavert, þannig að við gerðum aukagreiningu eingöngu með hross frá Vesturlandi og fannst þá þessi tenging milli álversins og hærri styrks flúors,“ Brynja.

Niðurstöður rannsóknar Brynju eru þær fyrstu sinnar tegundar hér á landi og gefa innsýn í flúorupp-söfnun í beinum íslenska hestsins og mun á flúorstyrk í umhverfinu milli landshluta. Einnig benda þær til þess að íslenski hesturinn safni upp minna magni af flúor í bein heldur en íslenskt sauðfé, til dæmis, og sé því óhentug vísitegund þegar kemur að flúormengun í umhverfi.

Brynja segir að þegar haldið var af stað hafi hún rennt svolítið blint í sjóinn, þar sem litlar sem engar upplýsingar voru til.



**Brynja með ritgerðina sem hún varði í byrjun mánaðarins.** MYND/AÐSEND

**Við gerðum aukagreiningu eingöngu með hross frá Vesturlandi og fannst þá þessi tenging milli álversins og hærri styrks flúors.**

Brynja Valgeirsdóttir

„Það var erfitt að finna eitthvað til að miða við annars staðar frá. Það er til ein önnur erlend rannsókn sem er ekki einu sinni á sömu líkamshlutum og það voru bara fjögur sýni tekin, sem er algjörlega ómarktækt. Markmiðið var í rauninni að búa til grunngildi svo hægt sé að búa til grunn til að byggja á.“

Brynja talar af mikilli ástríðu um viðfangsefnið enda sökkti hún sér í rannsóknina og hefur mikinn áhuga á líffræði. Hún gaf sér þó alltaf tíma til að líta upp úr námsbókunum og fara á fótboltaæfingar, en hún spilar með Selfossi og varð bikarmeistari með liðinu í fyrra, en spilaði lítið í ár vegna meiðsla.

„Ég þurfti að hringja í öll sláturhús á landinu og leita sérstaklega eftir því þegar hross voru að koma frá þeim stöðum sem við þurftum í rannsóknina,“ segir Brynja.

Að sögn Brynju var erfiðast að fá sýni frá Austfjörðum og ekki tókst að fá sýni frá Vestfjörðum.

„Varðandi aldurinn þurfti að fylgjast með að réttu sýnin kæmu. Þetta eru samt fá sýni þó þau telji 223, en það er hægt að byggja ofan á þessa rannsókn,“ ítrekar Brynja.

**benediktboas@frettabladid.is**

ENNEMM / SÍA / NM-NM-000580

# Gleðileg jól og farsælt komandi ár
















## Hafðu það notalegt um jólin

Árlegur jólastyrkur N1 rennur nú til Fjölskylduhjálpar Íslands, Frú Ragnheiðar og Mæðrastyrksnefndar Reykjavíkur. Við sendum skjólstæðingum þeirra, viðskiptavinum okkar og landsmönnum öllum bestu óskir um gleðilega hátíð.

440 1000 n1.is

N1 ALLA LEIÐ



**Vörubílarnir umdeildu á Skólavörðustíg.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Verjast árás á Skólavörðustíg

**LÖGREGLUMÁL** Lokanir á Skólavörðustíg með vörubílum vekja litla hrifningu hjá Einari Guðjónssyni í Kaffifélaginu.

„Þetta hefur skapað þau hughrif hjá gangandi að mikil viðgerð standi yfir í götunni og allt sé ófært. Fólk hættir því að fara niður þennan hluta götunnar og viðskiptavinir hætta að fara þennan hluta,“ skrifar Einar í bréfi til borgaryfirvalda.

Jóhann Karl Þórisson aðstoðaryfirlögregluþjónn segir bílunum stillt upp í samræmi við tilmæli í matsskýrslu ríkislögreglustjóra á hryðjuverkaógn sem er gefin út á hverju ári. „Við höfum verið með þetta á stórhátíðum undanfarin ár,“ segir Jóhann Karl.

Einar segist telja að ef loka eigi til að verjast hryðjuverkum megi gera það á annan hátt. „Það mætti til dæmis stilla upp gömlum og fallegum slökkviliðsbíl,“ segir hann. **– gar**

## Fréttu rýmingu frá fjölmiðlum

**ESKIFJÖRÐUR** Sumir Eskifirðingar fengu fréttir af því í fjölmiðlum að hafin væri rýming í bænum.

Þetta kom fram á íbúafundi á Eskifirði á þriðjudag. Sumum fannst óþægilegt að fá ekki fréttir frá heimafólki. Í máli ofanflóðaeftirlitsmanna kom þó fram hversu hratt þetta hefði gerst. Hefðu þeir horft á sprungur í veginum vikka og stækka á meðan þeir voru að vinna og því ákveðið að rýma. „Þetta gerðist rosalega hratt. Það var enginn aðdragandi,“ sagði Hjalti Sigurðsson ofanflóðaeftirlitsmaður.

Á fundinum var einnig farið yfir atburði helgarinnar. Farið var yfir stöðu mála á svæðinu og hvernig málum verður fylgt eftir næstu vikur og mánuði.

Sérfræðingur Veðurstofunnar sagði frá því að vel væri fylgst með sprungunum sem mynduðust á gamla veginum í Oddskarði en lítil sem engin hreyfing væri búin að vera á sprungunum eftir að rýmingu var aflétt, hlíðin væri stöðug, en öflugt eftirlit verður áfram á svæðinu. **– bb**

# Þriðjungur segir markaðsráðandi stöðu misnotaða

**VIÐSKIPTI** Meira en þriðjungur stjórnenda á Íslandi telur sig verða varan við misnotkun á markaðsráðandi stöðu, að nokkru, frekar miklu eða mjög miklu leyti, á þeim mörkuðum sem viðkomandi starfa.

Þetta kemur fram í nýrri skýrslu Samkeppniseftirlitsins um viðhorf stjórnenda til samkeppnismála. Könnunin var gerð af MMR í lok árs 2019 og byrjun þessa árs, tvö þúsund fyrirtæki svöruðu.



**Páll G. Pálsson, forstjóri Samkeppniseftirlitsins.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Þá telja 28 prósent stjórnenda sig verða vör við ólögmætt samráð á sínum markaði. Jafnframt skynjar um fjórðungur stjórnenda samkeppnishamlandi lög eða reglur.

Rúmur þriðjungur stjórnenda skynjar samráð að nokkru, frekar miklu eða mjög miklu leyti í atvinnugreinunum flutningur og geymsla, heild- og smásöluverslun, viðgerðir vélknúinna ökutækja og landbúnaður. Tæpur þriðjungur stjórnenda í atvinnugreinunum skógrækt og fiskveiðar, byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð, og rekstur gististaða og veitingarekstur, skynjar samráð.

Varðandi fælingarmátt í garð samkeppnishamlandi háttsemi telja stjórnendur að stjórnvaldssektir og lækkunar- og niðurfellingarreglur hafi hvað minnst áhrif. Átta af hverjum tíu telja hins vegar að neikvæð fjölmiðlaumfjöllun og refsiábyrgð einstaklinga hafi mest áhrif. **– ab**

# Langflestir hitta færri þessi jól

Átta af hverjum tíu Íslendingum ætla að hitta færri, eða mun færri, yfir jólin í ár samanborið við árið í fyrra, samkvæmt nýrri könnun. Fólk með grunnskólapróf er líklegast til að hitta svipað marga og í fyrra.

**COVID-19** Tæplega átta af hverjum tíu Íslendingum ætla að hitta færri, eða mun færri, yfir jólin í ár samanborið við árið í fyrra. Þetta kemur fram í niðurstöðum nýrrar könnunar sem Zenter rannsóknir unnu fyrir Fréttablaðið. 59 prósent ætla að hitta mun færri yfir jólin í ár miðað við jólin 2019, 19 prósent ætla að hitta aðeins færri. 17 prósent ætla að hitta svipað marga og um jólin í fyrra.

Þá segjast 4 prósent ætla að hitta fleiri, eða mun fleiri, yfir jólin í ár en jólin í fyrra. 2 prósent segjast ekki vita hvað þau ætla að hitta marga yfir jólin.

Vegna kórónaveirufaraldursins hafa almannavarnir beint því til almennings að búa sér til sérstaka jólakúlu fram til 12. janúar, í jólakúlunni eiga að vera tíu manns sem má gleðjast með yfir hátíðirnar. Ekki eru talin með börn fædd eftir 2005 og einstaklingar sem hafa þegar fengið COVID-19.

Fólk í yngsta og elsta aldurshópnum er líklegast til að ætla að hitta svipað marga í ár og í fyrra, eða 21 prósent. Þá ætla 5 prósent fólks á aldrinum 18 til 34 ára að hitta fleiri þessi jól. 82 prósent fólks á aldrinum 35 til 54 ára ætla að hitta færri þessi jólin. Konur eru eilítið líklegri en karlar til að ætla að hitta færri þessi jólin, 80 prósent á móti 78 prósentum.

Barnafólk er líklegra til að ætla að hitta færri þessi jólin. 80 prósent fólks með þrjú börn eða fleiri ætla að hitta færri þessi jólin, 6 prósent þeirra ætla að hitta fleiri. 85 prósent fólks með tvö börn á heimilinu ætla að hitta færri, 80 prósent fólks með eitt barn og 78 prósent fólks með ekkert barn á heimilinu.

Fólk með grunnskólapróf sem hæstu menntun er langlíklegasti hópurinn til að ætla að hitta svipað marga þessi jól og í fyrra. 38 prósent þeirra ætla að svipað marga eða fleiri þessi jól. Talan fer niður í 20 prósent í hópi fólks með framhaldsskóla- eða iðnmenntun og í 17 prósent meðal háskólamenntaðra.



**Almannavarnir hafa beðið fólk um að halda sig í svokallaðri jólakúlu yfir hátíðirnar.** FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

**Hversu marga hittir fólk um jól miðað við áður**




**Ellefu prósent þeirra sem styðja Vinstri græn og átta prósent Pírata segjast ætla að hitta fleiri um jólin í ár en þau gerðu í fyrra.**

Skiptingin er tiltölulega jöfn eftir stjórnmálaskoðunum. Stuðningsfólk Flokks fólksins og Sjálfstæðisflokksins er líklegast til að ætla að hitta svipað marga og í fyrra, eða 23 prósent. Stuðningsfólk Samfylkingarinnar og Viðreisnar er ólíklegast, en 85 prósent þeirra ætla að hitta færri í ár. Stuðningsfólk Vinstri grænna og Pírata sker sig úr, en 11 prósent stuðningsfólks Vinstri grænna og 8 prósent Pírata ætla að hitta fleiri í ár en í fyrra.

Könnunin var send á könnunarhóp Zenter rannsókna og svartími var frá 11. til 19. desember. Í hópnum voru 2.500 einstaklingar á Íslandi, átján ára og eldri og voru svör þeirra vegin eftir kyni, aldri og búsetu. Alls svöruðu 1.331 manns, eða 52,8 prósent. **arib@frettabladid.is**




ISBAND
UMBOÐSAÐILI JEEP® OG RAM Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR
S. 590 2300 • WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16


Gleðilega hátíð
Landsbankinn
landsbankinn.is
410 4000

Sæta svínið
GASTROPUB

OPIÐ
ANNAN Í JÓLUM
OG 27. DESEMBER
FRÁ 12 TIL 22



Jóla
BRUNCH
Ljúffengur jólabrunch frá 12–14.30
laugardag og sunnudag.




Njótið hátíðanna!

Borðapantanir á saetasvinid.is og í síma 555 2900



Málaliðinn Nicholas Slatten fékk lífstíðardóm fyrir fjöldamorð á Nusoor-torgi í Bagdad í Írak. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Donald Trump náðaði fjóra stríðsglæpamenn

**Á þriðjudag náðaði Donald Trump fimmtán manns. Þar á meðal málaliða öryggissveitarinnar Blackwater, sem frömdu fjöldamorð í Írak. Einnig náðaði hann bandamenn í Repúblikanaflokknum sem voru sekir um alríkisbrot.**

**BANDARÍKIN** Donald Trump náðaði á þriðjudag fjóra liðsmenn öryggissveitarinnar Blackwater, sem dæmdir voru árið 2014 fyrir stríðsglæpi í Írak.

Ellefu aðrir fengu náðun forsetans, þar á meðal einstaklingar sem höfðu logið í rannsókninni á afskiptum Rússa í kosningunum árið 2016 og brotið reglur í tengslum við kosningasjóði Repúblikana.

Málaliðarnir Nicholas Slatten, Paul Slough, Evan Liberty og Dustin Heard hófu skothríð á Nusoor-torgi í Bagdad þann 16. september 2007 með hríðskotarifflum, leyniskytturifflum og sprengjuvörpum. Sautján lágu í valnum, þar á meðal konur og börn, og 20 særðust. Slatten hlaut lífstíðardóm fyrir stríðsglæpi en hinir 30 ára fangelsisdóma.

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem Trump náðar stríðsglæpamenn. Í maí árið 2019 náðaði hann Michael Behenna og í nóvember 2018 Clint Lorance og Mathew Golsteyn. Höfðu þeir meðal annars tekið fanga af lífi án dóms og laga í Írak og Afganistan. Þessar náðanir hafa vakið upp þá spurningu hvort setja þurfi skilyrði í stjórnarskrána um að náðanir nái ekki til stríðsglæpamanna.

Þá náðaði Trump þrjá fyrrverandi þingmenn Repúblikana sem dæmdir voru fyrir fjármálamisferli í tengslum við kosningasjóði og góðgerðarsjóði og fyrir að bera ljúgvitni. Sá þekktasti sem Trump náðaði var George Papadopoulous, fyrrverandi kosningaráðgjafi, sem bar ljúgvitni í rannsókn alríkislögreglunnar, FBI, á afskiptum Rússa af kosningunum 2016. Rétt eins og þjóðaröryggisráðgjafinn Michael Flynn, sem Trump náðaði í lok nóvember.

> Talið er að Donald Trump náði sjálfan sig og börn sín áður en embættistíð hans lýkur.

Búist er við því að Trump noti náðunarvald sitt óspart áfram á þeim tæpa mánuði sem hann á eftir í embætti.

Bandaríkjaforseti hefur náðunarvald fyrir alríkisglæpi en ríkisstjórar fyrir glæpi innan einstakra ríkja. Forsetar hafa nýtt þessa heimild óspart, oft í kringum áramót eða á lokadögum valdatíðar sinnar. Náðun getur annaðhvort verið til að milda dóm eða hindra sakfellingu.

Samkvæmt fréttum ytra er nú rætt um að Trump náði þrjú börn sín og tengdason, lögmann sinn Rudy Giuliani og sjálfan sig. Ekki er að fullu vitað fyrir hvaða glæpi, en Trump er sagður óttast ákærur eftir 20. janúar, meðal annars fyrir skattsvik og brot í embætti.

Óvíst er hvort forseti geti náðað sjálfan sig en aldrei hefur reynt á það. Richard Nixon taldi stjórnarskrá Bandaríkjanna veita heimild til sjálfsnáðunar, en beitti henni þó ekki á leið sinni úr Hvíta húsinu eftir Watergate-hneykslið. Eitt af fyrstu embættisverkum næsta forseta, Geralds Ford, var hins vegar að náða Nixon.

Forsetar hafa áður notað náðun til þess að hjálpa innmúruðum flokksfélögum. Árið 1950 náðaði Harry Truman James Michael Curley, fyrrverandi borgarstjóra Boston og þingmann, sem hafði setið í fangelsi í fimm mánuði fyrir póstsvik.

Á níunda áratugnum náðaði Ronald Reagan George Steinbrenner fyrir ólöglegar greiðslur í kosningasjóð Nixons og fleiri tengda Watergate-hneykslinu. Bush-feðgar og Bill Clinton nýttu náðunarvaldið einnig til þess að hjálpa flokkssystkinum sínum.

Fáir hafa notað valdið meira en Barack Obama, um 2.000 sinnum, en hann nýtti það hins vegar aðallega til þess að náða eða stytta dóma yfir óþekktu fólki vegna fíkniefnabrota. Þekktasta inngrip Obama var að milda fangelsisdóm yfir uppljóstraranum Chelsea Manning úr 35 árum í 4 mánuði.

kristinnhaukur@frettabladid.is

# Handtaka konung peningaþvættisins

**SPÁNN** Lögregla á Spáni hefur flett ofan af rússneskri mafíu sem starfað hefur við Miðjarðarhafsströnd landsins að sögn El País.

Yfir tuttugu manns voru handteknir á Alicante-svæðinu og á Ibiza. Eru þeir sagðir í slagtogi við Rússann Alexei Shirokov sem sjálfur var handtekinn ásamt konu sinni á herragarði í hæðunum við Altea.

Samkvæmt El País fékkst Shirokov við fasteignaviðskipti og viðskiptaráðgjöf. Þessu hafi hann sinnt úr lúxushíbýlum sínum í hverfi sem kallað hefur verið rússneska Eden þar sem talið er að einn af hverjum fjórum Rússum sem búa á Spáni haldi til.



Altea á Spáni. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Flestir hinna handteknu eru athafnamenn, ráðgjafar þeirra og viðskiptafélagar. Meðal hinna handteknu var einn lögreglumaður og tveir foringjar í þjóðvarðliðinu.

Með handtöku Shirokovs er sagt að tekist hafa að fella rússneskt stórveldi með fram Miðjarðarhafsströndinni og á Ibiza í formi lúxusheimila, hótela, næturklúbba og dýrra veitingastaða.

Shirokov er sagður hafa gefið rausnarlegar fjárhæðir til góðgerðarmála. Bak við tjöldin er hann sagður hafa stefnt á að verða „konungur peningaþvættins“. Félög hans hafi verið notuð til að þvætta illa fengin gróða rússnesku mafíunnar af ólöglegum vopna- og eiturlyfjaviðskiptum. Hluti fjárins er sagður runninn frá einkavæðingu opinberra fyrirtækja í Rússlandi og teygja sig allt aftur til ólígarkanna sem risu upp við fall Sovétríkjanna. – gar

# GLÆNÝ UPPSKERA AF VÍNBERJUM

**FERSKT MEÐ FLUGI**



Jarðarber

**FERSKT MEÐ FLUGI**



Hindber



Rauð og græn vínber
frá Suður-Afríku

**FERSKT MEÐ FLUGI**



Rifsber

**FERSKT MEÐ FLUGI**



Bláber

**FERSKT MEÐ FLUGI**



Brómber

## Afgreiðslutími yfir hátíðarnar

| | Skeifan Garðabær | Smáralind | Kringlan | Akureyri Eiðistorg Spöngin | Selfoss |
|---|---|---|---|---|---|
| 24. des | Opið til 16 | 09-14 | 09-14 | 8-16 | 10-14 |
| 25. des | Lokað | Lokað | Lokað | Lokað | Lokað |
| 26. des | Opnar 10 | Lokað | Lokað | 10-24 | Lokað |
| 27. des | 24 | 12-17 | 12-17 | 8-24 | 11-18 |
| 28. des | 24 | 10-19 | 10-18:30 | 8-24 | 11-18:30 |
| 29. des | 24 | 10-19 | 10-18:30 | 8-24 | 11-18:30 |
| 30. des | 24 | 10-20 | 10-20 | 8-24 | 11-18:30 |
| 31. des | Opið til 18 | 10-14 | 10-14 | 8-18 | 10-14 |
| 1. jan | Opnar 12 | Lokað | Lokað | Lokað | Lokað |
| 2. jan | 24 | 10-18 | 10-18 | 10-24 | 10-18 |

HAGKAUP



Skipverjar á togaranum Björgu EA 7.

## Góðir samherjar

**JÓLIN** Skipverjar á skipum Samherja hafa gefið vel á aðra milljón króna til góðra málefna fyrir jól. Stærstur hluti rann til Jólaaðstoðarinnar, sem styrkir 300 einstaklinga og fjölskyldur á Eyjafjarðarsvæðinu.

Í tilkynningu frá Samherja segir að áhafnir útgerðarinnar hafi í mörg ár styrkt góð málefni.

„Það kom hugmynd frá einum skipverja hvort það væri áhugi fyrir því að styrkja ákveðið verkefni. Í kjölfarið skoruðum við á áhafnir annarra skipa hjá Samherja,“ segir Árni Rúnar Jóhannesson, stýrimaður á Björgu EA 7, sem átti frumkvæðið að því að hvetja aðrar áhafnir í styrkveitingar.

Gjafmildin rataði út fyrir Eyjafjarðarsvæðið, því björgunarsveitin Ísólfur á Seyðisfirði fékk styrk.

„Ég held að ég geti talað fyrir okkur alla þegar ég segi að það er okkur sönn ánægja að geta látið gott af okkur leiða og með þessu sannast að margt smátt gerir eitt stórt,“ segir Árni. Samstaða áhafna Samherja sé mikil. Flestir þekkist.

„Við höfum auðvitað skynjað mikið þakklæti frá þeim sem hafa tekið við styrkjunum en ánægjan er síst minni okkar megin,“ segir ein af hetjum hafsins, Árni Rúnar. – bb

## Jól í Kænugarði



Það var jólalegt um að litast í Kænugarði, höfuðborg Úkraínu, í gær þrátt fyrir heimsfaraldurinn, en þetta stórfenglega jólatré stendur á torgi í borginni. Tæplega 990 þúsund COVID-19 tilfelli höfðu verið staðfest í Úkraínu í gær og alls hafa um sautján þúsund manns látist vegna sjúkdómsins, um 965 þúsund hafa jafnað sig eftir að hafa smitast af veirunni. Tekin hafa verið um 3,5 milljónir COVID-19 sýna í landinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY




## Afgreiðslutímar um jól

**Slysa- og bráðamóttaka Landspítala í Fossvogi**
Opið allan sólarhringinn alla daga. Beint innval á slysadeild í Fossvogi 543-2000, í neyðartilvikum. Bráðamóttaka geðdeildar við Hringbraut er opin milli 13 og 17 á helgidögum. Utan þess tíma er hægt að leita á bráðamóttöku Landspítalans í Fossvogi.

**Læknavaktin:**
**Aðfangadagur**
Klukkan 9-18 og 20.30-23.
**Jóladagur og annar í jólum**
Klukkan 9-23.30.
**Gamlársdagur**
Klukkan 9-18 og 20.30-23.

**Vitjanasími 1770:**
**Aðfangadagur**
Klukkan 08-23.30.
**Jóladagur**
Klukkan 08-23.30.
**Annar í jólum**
Klukkan 08-23.30.
Símaráðgjafarþjónusta 1770.
Opið allan sólarhringinn alla daga.

**Neyðarlínan:**
Neyðarsíminn 112 er opinn allan sólarhringinn yfir hátíðirnar og svarar fyrir slökkvilið, sjúkrabifreiðar og lögreglu um allt land.

**Rauði krossinn:**
1717 er hjálparsími Rauða krossins og verður opinn alla jólahátíðina. Frú Ragnheiður keyrir frá klukkan 18-22 alla daga nema laugardaga.

**Stígamót:**
Lokað yfir hátíðirnar og til nýs árs. Opnað aftur 4. janúar.

**Kvennaathvarfið:**
Opið allan sólarhringinn, alla daga bæði í Reykjavík og á Akureyri. Reykjavík, sími 561-1205. Akureyri, sími 561-1206.

**Samgöngur:**
Aðfanga- og gamlársdag ekur Strætó á höfuðborgarsvæðinu samkvæmt laugardagsáætlun en bætt er við aukaferðum um



morguninn. Ekið verður til sirka 15.00 á jóladag, annan í jólum og á nýársdag er ekið samkvæmt sunnudagsáætlun. Ekið er fyrri hluta dags utan höfuðborgarsvæðisins á aðfangadag. Enginn akstur er utan höfuðborgarsvæðisins á jóladag. Á annan í jólum er akstur samkvæmt sunnudagsáætlun.

**Sundlaugar í Reykjavík:**
Sundlaugar Reykjavíkur opna frá klukkan 06.30-13 á aðfangadag en eru allar lokaðar á jóladag. Á annan í jólum er opið frá 11-17, en til klukkan 18 í Sundhöllinni og Klébergslaug. Lokað er á ylströndinni í Nauthólsvík.

**Apótek:**

**Lyfja**
**Aðfangadagur**
Opið 8-18 Lágmúla og á Smáratorgi.
Opið 8-14 á Granda.
Opið 9-12 á Akureyri
Opið 10-12 nema á Kópaskeri, Mývatni, Skagaströnd og í Laugarási, þar verður lokað.
**Jóladagur**
Opið 10-24 Lágmúla og Smáratorgi.

**Lyf og heilsa**
**Aðfangadagur**
Opið 8-13 á Granda,
Opið 9-13 í Kringlunni og Firði
Opið 10-12 á Glerártorgi.
**Jóladagur**
Lokað
**Annar í jólum**
Opið 12-22 á Granda.

**Lyfjaver**
Opið klukkan 8.30-12 aðfanga- og gamlársdag. Lokað aðra frídaga.


Við erum til fyrir þig
Björgunarsveitirnar gegna mikilvægu hlutverki í íslensku samfélagi, hlutverki sem unnið er af þúsundum sjálboðaliða - alla daga ársins.
Okkar mikilvægustu verkefni eru að aðstoða fólk í vanda og skila því heilu heim til fjölskyldu og vina.
Eftir viðburðaríkt ár óskum við landsmönnum gleðilegra jóla. Lítum öll björtum augum til komandi árs.
SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG

# Efniviður myndasmiða á hamfaraári

Kórónaveiran hefur verið alltumlykjandi í íslensku þjóðlífi á árinu sem senn kveður. Það endurspeglast vitanlega í viðfangsefnum ljósmyndara Fréttablaðsins þótt vissulega hafi aðrir atburðir einnig dregið að sér linsur þeirra. Hér eru fáein dæmi frá myndaárinu.



**Félagar úr Eflingu hjá Reykjavíkurborg fóru í allsherjarverkfall í febrúar. Af baráttufundi í Iðnó var gengið undir forystu Lúðrasveitar verkalýðsins að Ráðhúsi Reykjavíkur.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



**Hið óþreytandi þríeyki mætti á ótal fundi á árinu á vettvangi almannavarna og hafði einnig í ýmsu öðru að snúast þess á milli.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



**Samstöðufundur var í Vesturbæjarskóla 2. febrúar til stuðnings því að drengnum Muhammed Zohair frá Pakistan og fjölskyldu yrði ekki vísað úr landi. Undirskriftalistar voru afhentir við dómsmálaráðuneytið.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**Sorg er á Seyðisfirði eftir eyðileggjandi aurskriður.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



**Guðni Th. Jóhannesson var endurkjörinn forseti Íslands í almennum kosningum þann 27. júní. Kvöldið áður mætti hann mótframbjóðandanum Guðmundi Franklín Jónssyni í sjónvarpssal Ríkisútvarpsins.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


Gleðilega hátíð
Við þökkum viðskiptavinum og samstarfsaðilum samfylgdina og óskum ykkur gleðilegrar hátíðar og farsældar á komandi ári.
TRANSFORMING FOOD PROCESSING
marel




Þrennt lést í mannskæðasta eldsvoða síðari ára á Íslandi á Bræðraborgarstíg 1 þann 25. júní. Maður var síðar ákærður fyrir manndráp með því að hafa kveikt í húsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Heilbrigðisstarfsmaður tekur sýni úr manni fyrir utan heilsugæslustöð Seltjarnarness vegna hugsanlegs kórónaveirusmits í mars. Slíkar sýnatökur urðu síðar algengar og viðtekin sjón í landinu okkar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Stórsöngvarinn Helgi Björnsson fagnaði með fjölskyldunni í miðbæ Reykjavíkur að kvöldi þjóðhátíðardagsins eftir að forseti Íslands veitti honum fálkaorðuna fyrir framlag hans á erfiðum tímum. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Eyðilegt var í miðbæ Reykjavíkur og hvergi sálu að sjá í Austurstræti síðdegis þann 6. október. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




Eftir landris og snarpa jarðskjálfta var viðbragðsáætlun vegna mögulegs eldgoss kynnt á fundi með íbúum Grindavíkur 27. janúar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# POTTURINN STEFNIR Í
# 100 MILLJÓNIR




Lottó

LEIKURINN OKKAR

# Umgjörðin



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Eins og svo ótalmargt í þessum heimi hafa jólin verið markaðssett svo rækilega að fjölmargir fagna þeim án þess að leiða hugann sérstaklega að jólaboðskapnum um frið og kærleik. Jólin eru því matarhátíð og pakkahátíð með alls kyns tilstandi fremur en hátíð þar sem lagt er upp úr því að öðlast innri frið, ganga veg kærleiks og huga að þörfum náungans.

„Friður“ er reyndar ekki orð sem er lýsandi fyrir jólahald nútímans. Þar er nánast skylda hvers manns að vera dögum saman á stöðugum þeytingi út um allar trissur til að kaupa alls kyns hluti fyrir jólin. Vitað er að stöðugur erill eykur mjög áhyggjur og dregur úr gleði, en þar sem lífsgæðakapphlaupið í nútímaheimi þarf umfram allt að hafa sinn gang þá er litið á það nánast eins og óhjákvæmilegan fylgikvilla jólahalds.

Þar sem maður á að vera manns gaman safnast fólk síðan saman í jólamat, í jólaveislum og á jólaböllum. Þannig eiga jólin víst að vera; fullt af fólki saman að gleðjast og hafa hátt. Horft er vorkunnaraugum á hvern þann sem ekki er gefinn fyrir fjölmennt samkvæmishald og hann jafnvel talinn skorta fullan skilning á eðli jólanna.

Svo verður allt skyndilega óskaplega öfugsnúið. Skilaboð koma frá yfirvöldum um að fólk eigi að hafa hægt um sig um jól og alls ekki safnast saman í hóp. Farið er fram á að stórfjölskyldur hittist ekki. Jólin eiga sem sagt að vera með öðrum hætti núna en áður vegna þess að pest geisar. Þjóð, sem er ekki sérlega hlýðin að upplagi, tekur þessu valdboði að ofan af furðulega miklum skilningi.

Rólegum jólum er nú þvingað upp á þjóðina sem beygir sig í hlýðni. Örugglega myndu samt flestir kjósa hin erilsömu jól, sem þeir hafa vanist frá bernsku. Það er þó alls ekki í boði. Í snúinni stöðu eins og þessari er, eins og stundum áður, best að gera sem best úr málum. Þar sem manneskjan hefur mikla aðlögunarhæfileika ætti það að takast í flestum tilvikum. Einstaklingar sem lifa í sæmilegri sátt við sjálfa sig og aðra eiga yfirleitt ekki í erfiðleikum með að vera í umhverfi þar sem fáir koma saman. Það má reyndar segja að auðveldara sé að fanga hinn sanna jólaanda í þannig aðstæðum frekar en í miklu margmenni. Og vitanlega er það svo að best er að tala við Guð í einrúmi.

Með þessu er þó ekki verið að gera lítið úr fjölmennum samverustundum í messum þar sem prestar landsins koma jólaboðskapnum rækilega til skila. Þar minna þeir á að um kristna hátíð er að ræða, þótt sumir kjósi reyndar að leiða þá staðreynd rækilega hjá sér. Prestarnir munu áfram koma jólaboðskapnum til skila þótt umgjörðin verði nokkuð önnur og ekki eins hátíðleg og tíðkast hefur. Vitaskuld bregst kirkjan ekki um jólin. Vonandi hafa svo flestir lagt sitt af mörkum til að létta undir með þeim sem ekki hafa efni á að halda vegleg jól.

Þótt umgjörð jólanna sé önnur en áður þá er það hinn undurfagri og eilífi boðskapur um frið á jörðu og náungakærleik sem mestu skiptir.

Gleðileg jól!

**Og vitanlega er það svo að best er að tala við Guð í einrúmi.**






## Halldór




## Frá degi til dags

**Háskólaheimilið**
**Íslendingar hafa gjarnan haft þann sið að hugsa hlutina aldrei almennilega til enda, enda er það einn af þeim hlutum sem gera okkur skemmtilegri og áhugaverðari en aðrar þjóðir. Til dæmis Perlan sem tók áratugi að koma að einhverjum notum. Nú stöndum við frammi fyrir því að eiga risastóra, tóma byggingu við hliðina á háskóla, háskólabyggingum, háskólabíói og háskólabókasafni. Í stað þess að gera það að háskólaíbúðum þá vilja spekingar vorrar þjóðar gera það að elliheimili. Þeir sömu ætla þá að opna diskótek í vesturálmu leikskólans Sunnuborgar og skíðalyftu í Ártúnsbrekkunni.**

**Sigmundarguðspjall**
**En það bar til um þessar mundir, að boð kom frá Kára Stefánssyni, að bólusetja skyldi alla heimsbyggðina. Þetta var fyrsta bólusetningin og var gjörð þá er Katrín var landstjóri á Íslandi. Fóru þá allir til að láta bólusetja sig, hver til sinnar heilsugæslu. Nema Sigmundur Davíð úr Miðflokknum, sem vildi að þing yrði kallað saman, til borgar Dags B., til að ræða þessar bólusetningar. Kom sá tími að forseti Alþingis tók þá tillögu, vafði hana reifum og lagði í nefnd, því eigi nennti hann að standa í röfli yfir hátíðarnar.**

# Græna planið út úr kreppunni



Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri Reykjavíkur

Árið 2020 hefur verið ár mikilla áfalla vegna kórónaveirunnar. Um leið er árið 2020 líka ár bjartsýni. Læknavísindin þróuðu bóluefni og margsháttar þekkingu í viðureign gegn veirunni á mettíma. Hraðinn á þeirri vinnu, án þess að slá af kröfum eða gæðum, marka tímamót. Við eigum þekkingu, vísindum og samtakamætti mikið að þakka. Um leið stöndum við frammi fyrir djúpri efnahagskreppu.

Við þurfum þó að horfast í augu við að þetta er ójafnaðarkreppa. Hún skellur gríðarlega hart á sumum á meðan aðrir verða hennar varla nokkurs varir. Fjölskyldur og einstaklingar sem eru atvinnulaus eða eru á jaðri samfélagsins eða hafa átt afkomu sína undir ferðaþjónustu, menningu og listum, eru meðal þeirra sem verða harðast úti. Sameiginlegur sjóður okkar, ríkissjóður þarf að dempa höggið, miðla nægum stuðningi þar sem á þarf að halda og jafna kostnaði samfélagsins á sanngjarnan hátt og á lengri tíma.

Reykjavík lætur sitt ekki eftir liggja og hefur kynnt endurreisnaráætlun borgarinnar, Græna planið. Kröftug viðspyrna gegn atvinnuleysi og efnahagssamdrætti er svar borgarinnar. Græna planið er sóknaráætlun Reykjavíkur og leggur línur í fjármálum, fjárfestingum og grænum lykilverkefnum út frá skýrri framtíðarsýn til 10 ára. Lykilverkefnin lúta að efnahag, umhverfi og samfélagi í senn. Öflug fjárfesting í grænum samgöngum, grænum innviðum, grænum hverfum, grænni nýsköpun og grænum störfum, mun gegna lykilhlutverki við að koma okkur fram á veginn. Með þeirri skýru framtíðarsýn sem Græna planið setur fram vill borgin senda skýr skilaboð og virkja alla með til verka: stjórnvöld, atvinnulíf, verkalýðshreyfingu og borgarbúa. Það þarf samstöðu og skjótar aðgerðir til að verja störf og endurreisa fyrirtæki, skapa störf og vinna að grænna og betra samfélagi til framtíðar, þar sem engin eru skilin eftir.

Um leið og ég óska borgarbúum og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári, er ég þess fullviss að árið 2021 beri með sér bæði birtu og von. Við gerum þetta saman.

**Við þurfum þó að horfast í augu við að þetta er ójafnaðarkreppa. Hún skellur gríðarlega hart á sumum.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Helgi Magnússon FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI: Björn Víglundsson RITSTJÓRI: Jón Þórisson jon@frettabladid.is, FRÉTTASTJÓRAR: Aðalheiður Ámundadóttir adalheidur@frettabladid.is Ari Brynjólfsson arib@frettabladid.is, Garðar Örn Úlfarsson gar@frettabladid.is MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000, ritstjorn@frettabladid.is HELGARBLAÐ: Björk Eiðsdóttir bjork@frettabladid.is MENNING: Kolbrún Bergþórsdóttir kolbrunb@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Anton Brink anton@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is

GÆÐAVOTTUN Á GRUNDVELLI ALÞJÓÐLEGA GÆÐASTAÐALSINS ISO 9001

JAFNLAUNAVOTTUN 2019–2022

SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG
VIÐ ERUM AÐAL-STYRKTARAÐILI SLYSAVARNA-FÉLAGSINS LANDSBJARGAR

KOLEFNISJÖFNUN Á ELDS-NEYTISKAUPUM VIÐSKIPTAVINA OG ÖLLUM REKSTRI

ÖFLUGUR STUÐNINGUR VIÐ ÍÞRÓTTASTARF UM ALLT LAND

MYNDARLEGUR STUÐNINGUR VIÐ MARGVÍSLEG GÓÐGERÐARSAMTÖK

AÐALSTYRKTARAÐILI ÍSLANDSMÓTSINS Í HANDBOLTA UNDANFARIN FIMM ÁR

# Jólakveðja

Starfsfólk Olís óskar viðskiptavinum og landsmönnum öllum friðar, gleði og fararheilla um hátíðirnar.

Við þökkum dýrmæta samfylgd á árinu og hlökkum til að þjónusta vini okkar við veginn á því næsta.



Vinur við veginn













Lionel Messi hefur ekkert gefið eftir í markaskorun þrátt fyrir deilur sínar við stjórn Barcelona. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Einstakur á heimsvísu

Lionel Messi bætti met Pelé í vikunni yfir flest mörk fyrir sama liðið, með 644. marki sínu fyrir Barcelona. Það jafngildir 43 mörkum fimmtán ár í röð.

**FÓTBOLTI** Á sama tíma og Lionel Messi íhugar hvert næsta og líklega síðasta skref ferilsins verður, heldur hann áfram að skrifa nafn sitt á spjöld sögunnar og bæta hvert metið á eftir öðru. Í vikunni bætti hann met Pelé, þegar snillingurinn frá Argentínu skoraði 644. mark sitt fyrir Barcelona og er nú orðinn sá einstaklingur sem hefur skorað flest mörk fyrir eitt lið í sögunni.

„Þegar ég sparkaði fyrst í fótbolta átti ég ekki von á því að bæta neitt met, hvað þá þetta met sem var áður í eigu Pelé,“ skrifaði Messi á Instagram-síðu sína í lok dags, eftir að hafa bætt metið.

Messi hefur ekkert farið leynt með óánægju sína innan herbúða Barcelona á þessu ári og reyndi eftir bestu getu að yfirgefa félagið í sumar. Talið er næsta víst að hann haldi á ný mið næsta sumar þegar samningur hans rennur út, 18 árum eftir að hann samdi við Barcelona sem táningur. Í herbúðum Börsunga tókst Messi að fara úr því að vera efnilegur unglingur í einn besta knattspyrnumann allra tíma.

Gary Lineker, fyrrverandi leikmaður Barcelona og þáttarstjórnandi Match of the Day í Bretlandi, setti met Messi í samhengi, þegar hann benti á að það tæki 43 mörk á ári í fimmtán ár til að hirða metið úr höndum Argentínumannsins, sem á eftir að bæta við metið áður en tímabilinu lýkur.

Þrátt fyrir óánægju Messi er líklegt að hann sjái tækifæri til að bæta fleiri met áður en hann heldur á nýjar slóðir. Messi vantar aðeins 18 leiki til að verða leikjahæsti leikmaður Barcelona í öllum keppnum, sjö leiki til að vera meðal tíu leikjahæstu leikmanna í spænsku deildinni og getur hann orðið fyrsti leikmaðurinn í sögu spænsku deildarinnar til að verða markahæstur fimm ár í röð.

Það er því líklegt að Manchester City, sem fylgist grannt með málum Messi þessa dagana og er talið vera næsti áfangastaður Messi, verði að bíða til sumars hið minnsta, með að bæta knattspyrnugoðsögninni við leikmannahóp sinn.

kristinnpall@frettabladid.is



Pelé skoraði 643 mörk á átján tímabilum með Santos. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

**18**
leiki vantar Messi til að bæta leikjamet Barcelona sem er í eigu Xavi.

**43**
mörk á ári í fimmtán ár þyrfti til að jafna met Messi sem Pelé átti áður.

**644**
mörk hefur Messi skorað fyrir Barcelona í öllum keppnum.

**6**
sinnum hefur Messi hlotið Ballon d'Or verðlaunin, oftar en nokkur annar.

**16.**
tímabil Messi gæti orðið hans síðasta á Spáni. Enginn leikmaður hefur leikið fleiri en sextán tímabil með Börsungum.

**91**
mark skoraði Messi á einu almanaksári árið 2012, með Argentínu og Barcelona.

**73**
mörk skoraði Messi á einu og sama tímabili árið 2010-2011.

**34**
titla hefur Messi unnið með Barcelona. Hann vantar tvo titla til að jafna met Ryan Giggs sem vann 36 titla með einu og sama félaginu.


KRÓNAN
Ekkert ves í des
OPIÐ Í DAG
AÐFANGADAG
9-15
í öllum Krónu verslunum
Gleðileg jól
Afgreiðslutímar á www.kronan.is



Jóhann horfir upp í fjallshlíðina fyrir utan heimilið sitt á Seyðisfirði. Fjallið er vissulega fallegt en það hefur einnig valdið ýmsum hamförum fyrir heimamenn í gegnum árin. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Heima er þar sem hjartað slær

**Jóhann Björn Sveinbjörnsson** hefur búið á Seyðisfirði í nærri 87 ár. Hann hefur áður upplifað aurskriður líkt og þær sem féllu um daginn, en hann var fyrstur á vettvang þegar mannskæð aurskriða fór yfir bæinn árið 1950.

Magnús H. Jónasson
mhj@frettabladid.is



Á þeim 87 árum sem Jóhann Björn hefur verið til heimilis á Seyðisfirði hafa heimamenn þurft að þola allt frá mannskæðum aurskriðum yfir í sprengjuregn þýskra flugvéla í seinni heimsstyrjöldinni. Jóhann var 16 ára gamall þegar mannskæð aurskriða tók líf fimm heimamanna árið 1950. Hann var þá fyrstur á vettvang og tókst með ótrúlegum hætti að finna unga stúlku í leðjunni, grafa hana upp og er hún enn á lífi í dag. Fjölskylduharmleikir hafa litað líf hans síðustu ár, er hann missti bæði son sinn og eiginkonu á rúmlega eins árs tímabili. Bengal-kisinn Depla, sem sonur hans átti, hefur hins vegar búið með honum síðan og veitir Jóhanni hugarró á erfiðum tímum.

Þegar blaðamaður og ljósmyndari mæta heim til Jóhanns hringir síminn. Á hinni línunni er sonur hans Sveinbjörn sem býr í Reykjavík. Sveinbjörn er að athuga hvernig faðir hans hafi það eftir hamfarir undanfarinna daga á Seyðisfirði. Jóhann kippir sér ekkert upp við áhyggjur sonar síns og svarar að allt sé í góðu lagi og hann hafi komið heim í gærkvöldi.

Eftir stutta þögn í símanum segir Jóhann allt í einu: „Og á maður að hafa fyrir þessu?“ á meðan hann brosir létt í áttina að blaðamanni, en sonur Jóhanns er að reyna að fá hann til Reykjavíkur yfir jólin.



Bengalkötturinn Depla sem Jóhann fékk þegar sonur hans lést fyrir þremur árum situr hér við fallegu kirkjuna sem eiginkona hans heitin gerði.

Jóhann vill aftur á móti ekki yfirgefa heimabæinn, þar sem hann hefur búið allt frá því hann fæddist árið 1934.

En svo heyrist hann segja: „Já, þá bara geri ég þetta,“ á sama tíma og hann horfir glettinn aftur í áttina að blaðamanni. „Kisa greyið verður þá bara ein.“

Hann slítur símtalinu og segir svo léttur á brún: „Þau eru að draga mig suður, sko.“

### Þurfti að yfirgefa heimili sitt

Þegar stóra skriðan féll á föstudeginum í síðustu viku var Jóhann ekki heima hjá sér heldur með vinum sínum í golfskálanum á Seyðisfirði.

„Ég var hérna inni í golfskála,“ segir Jóhann sem vill ekki kalla sig golfara þó að hann spili vissulega golf.

„Við sátum þar nokkrir að spjalla. Við höfum komið þar saman nokkrir vinir síðustu daga og það hefur verið mjög gott, en svo var hringt í einn og sagt að Múlavegurinn væri að hrynja. Þannig að við hlupum út eftir en ég gekk nú frá skálanum fyrst,“ segir Jóhann. „Þá var klukkan þrjú.“

Jafet Sigfinnsson, íbúi á Seyðisfirði, lýsti því einmitt í viðtali við Fréttablaðið.is að þegar klukkan var að verða þrjú hefðu hann og bróðir hans horft út um eldhúsglugga æskuheimilis síns og tekið eftir því að Búðarárfoss væri orðinn svartur, nokkrum mínútum síðar féll stóra skriðan yfir bæinn.

Í kjölfar skriðunnar var Seyðisfjörður rýmdur enda ljóst að íbúum stafaði hætta af fleiri skriðum. Jóhanni var gert að yfirgefa heimili sitt og gefa sig fram við hjálparmiðstöðina í Herðubreið.

ÉG STÖKK Á MILLI STEINA ÞVÍ ÉG VISSI HVAR HÚSIÐ HEFÐI VERIÐ. ÉG SÁ HVAR ÞAÐ HAFÐI STAÐIÐ OG FÓR ÞANGAÐ. ÞEGAR ÉG KOM ÞANGAÐ HEYRÐI ÉG Í STELPUNNI SEM VAR SÚ EINA SEM LIFÐI AF. DÓTTIR ÞEIRRA. HÚN VAR FJÓRTÁN ÁRA.

„Lögreglan kom svo þegar ég var nýkominn heim og sagði mér að fara. Það ætti að rýma bæinn. Ég sagðist vera á alveg öruggu svæði en þeir sögðu að það sama yrði yfir alla að ganga, því annars yrði óánægja og misnotkun á þessum fyrirmælum,“ segir Jóhann með festu í röddinni.

„Það þýðir ekkert að vera með neina þrjósku yfir svona,“ segir hann, en Jóhann starfaði sjálfur sem lögreglumaður á Seyðisfirði um árabil. Hann yfirgaf heimili sitt og eftir viðkomu í Egilsstaðaskóla gisti hann hjá Ástrúnu Lilju, systur sinni, á Egilsstöðum á meðan hættuástandið stóð yfir.

„Við vorum öll saman þarna í barnaskólanum á Egilsstöðum í stórum sal þar sem óskaplega vel var tekið á móti okkur. Þar hópaðist fólk saman og þetta var eins og ein fjölskylda. Ég held að þetta hafi verið mjög gott að því leyti.“

### Tæp 87 ár á Seyðisfirði

Aðspurður hversu lengi hann hefur búið á Seyðisfirði segist Jóhann, alvörugefinn, hafa búið þar í nokkur ár.

„Þetta eru tæp 87 ár,“ segir hann á meðan svipurinn breytist í bros.

„Nú í febrúar verða þetta 87 ár. Þó maður hafi nú verið á ýmsum stöðum hef ég alltaf átt lögheimili hérna.“

Hann er stoltur af því að hafa búið á Seyðisfirði alla ævi. Aðspurður hvort það sé rétt ályktað hjá blaðamanni að hann sé þá 87 ára gamall, svarar hann glettinn: „Ekki fyrr en í febrúar.“

Jóhann býr einn á Seyðisfirði ásamt kisunni Deplu og fer vel á með þeim.

„Já, ég á hana núna, en sonur minn átti hana áður,“ segir Jóhann. „Hún heitir formlega Coco Chanel, þar sem þetta er eðalköttur með ættbók og allt svoleiðis, bengalköttur,“ segir hann stoltur. „En við bara nefndum hana strax Deplu. Hún er alfarið hér hjá mér núna eftir að sonur minn dó,“ segir Jóhann með trega í röddinni.

Sonur Jóhanns, Sófus Þór sagnfræðingur, lést úr krabbameini ➡

# Fólk

FIMMTUDAGUR 24. DESEMBER 2020

Gleðileg jól




Elísabet hefur átt viðburðaríkt ár. Hún var í Kína í janúar þegar COVID skall á og rústaði plönum ársins en hún nýtti það til góðs. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Fjölskyldan loks öll saman um jólin

Árið sem senn er að líða hefur verið viðburðaríkt hjá Elísabetu Huldu Snorradóttur þrátt fyrir að COVID hafi breytt áætlunum hennar um skiptinám í Kóreu. Hún ákvað í staðinn að keppa í Miss Universe Iceland og vann keppnina. →2

FRÉTTIR, FÓLK & MENNING á Hringbraut og hringbraut.is

Fylgstu með!


Sandra Guðrún Guðmundsdóttir
sandragudrun@frettabladid.is


**Framhald af forsíðu** ➪

Elísabet er alin upp af flugmanni og flugfreyju og hefur því frá barnæsku ferðast mikið um heiminn með foreldrum sínum. Hún segir að ferðalögin hafi kveikt áhuga sinn á Asíu en fjórtán ára gömul byrjaði hún að læra japanska stafrófið.

„Þegar ég var 17 ára safnaði ég mér peningum til að fara í tungumálaskóla til Japan yfir sumarið, ég gerði það þrjú ár í röð og á sama tíma fór ég líka til Suður-Kóreu. Ég ætlaði alltaf að fara sem skiptinemi í gegnum AFS-skiptinemasamtökin en náði ekki að safna peningum tímanlega. Ég var orðin of gömul til að fara með þeim þegar ég var komin með peningana, þannig að ég fann mér bara aðra leið til að komast út. Ég bjó hjá fósturfjölskyldu í sumarskólanum og þetta var æðisleg upplifun,“ segir hún.

Elísabet stundar núna nám í kínverskum fræðum við Háskóla Íslands og planið var að fara nú í haust í skiptinám til Suður-Kóreu. Elísabet hafði líka áætlanir um að ferðast um Japan í sumar en ekkert varð af því vegna veirunnar.

„En það góða við að ég fór ekki til útlanda var að ég tók aftur þátt í Miss Universe Iceland-keppninni og vann hana, svo það kom eitthvað gott út úr þessu,“ segir Elísabet sem vann titilinn í október en það var í annað skipti sem hún tók þátt í keppninni.

„Vinkona mín hvatti mig til að taka þátt aftur, sérstaklega af því plönin mín voru algjörlega farin út um gluggann og ég var voða týnd með hvað ég ætti að gera. Ég ákvað þess vegna að láta til skarar skríða og hugsaði með mér að það væri alla vega enginn missir að taka þátt aftur.“

Elísabet segir að það hafi að hluta til verið áhugi á að ferðast sem hvatti hana til að taka þátt en stelpan sem sigrar fær að ferðast til Bandaríkjanna í um það bil mánuð.

„En það er ekkert víst hvernig það verður núna, það er allt í bið. En ég vissi það þegar ég skráði mig í keppnina að það yrði ekkert endilega inni í myndinni að fara út. Aðalkeppnin er svo oftast haldin úti í desember og ég ætti að vera að fara þangað en henni var frestað svo maður þarf bara að

> **Þegar ég var 17 ára safnaði ég mér peningum til að fara í tungumálaskóla til Japan yfir sumarið.**

bíða og sjá,“ útskýrir Elísabet. Hún segir að þrátt fyrir allt hafi ferlið við þátttöku í keppninni ótrúlega gefandi.

„Þetta var allt öðruvísi núna en í fyrra þegar ég tók þátt. Þegar við vorum mjög fáar uppi á sviði gátum við haldið tveggja metra reglunni og gátum þá verið án grímunnar og svo þurftum við að muna hvenær við máttum taka hana niður og hvenær við þurftum að setja hana upp aftur. Okkur var skipt upp í tvö svæði því við vorum of margar til að vera allar í einu rými og máttum ekkert vera að hittast. Þetta var mjög sérstök upplifun.“

## Voru einar á Kínamúrnum

Í námi Elísabetar í kínverskum fræðum er ætlast til að nemendur fari út á þriðja ári og búi í Kína í heilt ár. Það þýðir að samkvæmt plani ætti Elísabet að flytja til Kína næsta haust.

„Ég þarf að sækja um styrki eftir áramótin en ég ætla að reyna að komast inn í skóla í Sjanghæ ef veiran leyfir. En ég er skuldbundin keppninni núna svo ég þarf líka að fylgjast með hvað verður úr henni. Það verður gaman að sjá hvað verður úr þessu,“ segir hún.

Þetta yrði ekki fyrsta sinn sem Elísabet fer til Kína en hún var einmitt stödd í Peking með mömmu sinni í janúar þegar kom í ljós hve alvarlegar aðstæður þar voru.

„Þannig að við vorum bara í Kína í tvo daga og hoppuðum í fyrsta flug heim. COVID hafði sem sagt skollið á í Peking og við gátum þess vegna alltaf fundið sæti í lestinni sem ég held að sé ekki venjulegt í svona stórri borg. Það var bara allt tómt. Þetta var mjög skrýtið en á sama tíma æðisleg upplifun, við vorum til dæmis einar á Kínamúrnum,“ segir Elísabet og hlær að minningunni.

## Hlakkar til að vera saman á jólunum

Jólin í ár verða líka öðruvísi hjá Elísabetu eins og hjá flestum öðrum. En þó á jákvæðan hátt að vissu leyti.

„Ég er mjög ánægð með það að



Elísabet með heimilisikettinum henni Skvettu. Elísabet stefnir á flutninga til Kína á næstunni og ferðalaga á vegum Miss Universe ef COVID leyfir. En núna hlakkar hún til jólanna heima með allri fjölskyldunni loks saman á Íslandi.

út af COVID verður öll fjölskyldan loks heima á jólunum. Pabbi er flugmaður og mamma var flugfreyja fyrir COVID. Það er gaman að vita að vinnan er ekki að fara að halda fjölskyldunni í sundur á jólunum. Ég hlakka til að vera öll saman á jólunum,“ segir Elísabet.

Hún segir að helstu hefðir fjölskyldunnar á jólunum séu að hittast og kaupa laufabrauð saman og svo spila þau líka alltaf mikið.

„Svo förum við alltaf öll saman, við systkinin og mamma og pabbi, að kaupa jólatré. En þetta er búið að vera skrýtið ár og það verður örugglega ekki mikið af fjölskylduboðum á jólunum en það er mikilvægt að gleyma því ekki að þó einhver sé fjölskyldumeðlimur þá getur hann líka verið með veiruna,“ segir Elísabet sem er orðin vön því að aðlaga líf sitt breyttum aðstæðum þetta árið.

„Námið í Háskólanum er búið að vera fjarnám alveg frá því á vor-

> **Ég er mjög ánægð með það að út af COVID verður öll fjölskyldan loks heima á jólunum.**

önninni og verður það örugglega áfram á næstu önn. En það er eitt sem mér finnst hafa staðið upp úr á árinu í sambandi við COVID, fyrir utan að vinna keppnina, en það er að við vinkonurnar förum fljótt að vera duglegar að hittast gegnum netið. Við vorum að elda saman í gegnum Zoom og förum í ræktina saman bara með því að setja eitthvert ræktarmyndband í gang. Mér fannst mjög gaman að sjá hvernig þetta þróaðist. Það er orðið þannig að maður þarf ekki endilega að vera á sama staðnum til að gera eitthvað saman.“

Elísabet segir að fólk hafi á þessu ári verið duglegt að finna nýjar leiðir til að vera í samskiptum.

„Ég get ekki ímyndað mér hvernig þetta væri ef þessi veira hefði komið fyrir tíu árum. Ég held við séum ótrúlega heppin hvað við erum tæknivædd núna.“

Aðspurð segir Elísabet að tæknin geri þó tilhugsunina um að flytja til Kína langt frá öllum auðveldari. Enda finnst henni það alls ekki erfið tilhugsun.

„Ég hef aldrei verið neitt voða heimakær og fæ aldrei heimþrá. Ég hef ferðast mjög mikið frá unga aldri og það er bara normið hjá mér að gleyma stundum að hringja í foreldrana. Ég er voða mikil ævintýramanneskja.“

Að lokum segist hún bjartsýn á komandi ár og vonar innilega að það verði betra fyrir alla.







**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Hjördís Erna Þorgeirsdóttir** | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

**Útgefandi:** Torg ehf. | **Ábyrgðarmaður:** Björn Víglundsson

**Sölumenn:** **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir**, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

# Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki



Mitsubishi Outlander Hybrid hækkar um áramót vegna lagabreytinga. Nældu þér í nýjan 2020 bíl á betra verði 5.690.000,- Til sýnis á staðnum í nokkrum litum með og án króks.

**Sparibíll ehf**
**Hátún 6A, 105 Reykjavík**
**Sími: 577 3344**
**www.sparibill.is**

## Þjónusta

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf. S. 893 6994

### Nudd

**NUDD NUDD NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Keypt & Selt

### Til sölu

mýranaut

Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204




Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18 og á laugardögum í desember 10-16.




### Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
**Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105**

**Upplýsingar í síma 782 8800**

### Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Eurotec A4 harðviðarskrúfur. Penofin og Armstrong Clark harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122

Smáauglýsingar óska viðskiptavinum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári

## Húsnæði

### Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500










*Kjöreign fasteignasala óskar viðskiptavinum gleðilegrar hátíðar með þökk fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða.*

Árið hefur verið óvenjulegt en viðburðaríkt. Sjáumst á nýju fasteignaári!

## KJÖREIGN FASTEIGNASALA - TRAUST OG ÖRUGG FASTEIGNASALA í 40 ÁR



**Ásta María Benónýsdóttir**
Löggiltur fasteignasali
asta@kjoreign.is
897-8061



**Sigurbjörn Skarphéðinsson**
Löggiltur fasteignasali, skjalagerð.
sigurbjorn@kjoreign.is
533-4040



**Dan Valgarð S. Wiium**
Hdl, löggiltur fasteignasali.
dan@kjoreign.is
896-4013



**Rakel Salóme Eydal**
Löggiltur fasteignasali og löggiltur leigumiðlari
rakel@kjoreign.is
533-4040



**Þórarinn Friðriksson**
Löggiltur fasteignasali.
thorarinn@kjoreign.is
844-6353



**Jón Bergsson**
lögmaður og löggiltur fasteignasali
jon@kjoreign.is
777-1215

Kjöreign ehf

**Ármúla 21, 108 Reykjavík - Reykjavík – Sími 533 4040**
**kjoreign@kjoreign.is - www.kjoreign.is/**

Atvinna

## STÖRF HJÁ GARÐABÆ

**Álftanesskóli**
- Stuðningsfulltrúi í hlutastarf

**Leikskólinn Bæjarból**
- Leikskólasérkennari – 50% staða

Áhugasamir einstaklingar, án tillits til kyns, eru hvattir til að sækja um.

Nánari upplýsingar má finna á ráðningarvef Garðabæjar **https://starf.gardabaer.is**

GARÐABÆR
gardabaer.is

**íshúsið**
Íshúsið ehf • www.ishusid.is • S:566 6000
Óskar viðskiptamönnum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.

**ÁSBYRGI ehf** Sími 568 2444
Ingileifur Einarsson, Lögg. fasteignasali.
ÁBYRG FASTEIGNASALA – www.asbyrgi.is
Suðurlandsbraut 54 - við Faxafen - 108 Reykjavík

Ásbyrgi fasteignasala óskar viðskiptavinum sínum og landsmönnum gleðilegra jóla og ný árs og færsældar á nýju ári.

Þökkum viðskiptin á liðnum árum.

# Jólakveðjur

**GLUGGA GERÐIN**
Óskar viðskiptavinum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs, þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.
Smiðjuvegur 12, rauð gata - S. 566 6630 - gluggagerdin@gluggagerdin.is

**STÓRA BÍLASALAN**
Óskar viðskiptavinum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs, þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.
Kletthálsi 2 • 110 Rvk • S. 586 1414
www.stora.is

**FJARÐARBÓLSTRUN ehf** Sími 864 - 4188
Óskar viðskiptamönnum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári. Þökkum ánægjuleg viðskipti á árinu sem er að líða.
www.fjardarbolstrun.is

567 2277 **NÝJA BÍLAHÖLLIN** WWW.NYJA.IS
BÍLAKJARNINN VIÐ BREIÐHÖFÐA 110 REYKJAVÍK
Óskar viðskiptamönnum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári. Þökkum ánægjuleg viðskipti á árinu sem er að líða.
nyja.is

**LITLA bílasalan**
www.litla.is 587 7777
Óskar viðskiptamönnum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári. Þökkum ánægjuleg viðskipti á árinu sem er að líða.

**KRÓKUR**
Óskar viðskiptavinum sem og landsmönnum öllum Gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.
www.krokur.net - Sími 522-4600.

**JS LJÓSASMIÐJAN** VÉLAVERKSTÆÐI SLÁTTUVÉLAÞJÓNUSTAN
Skemmuvegi 34 - 200 Kóp. Sími 554 0661
Óskar viðskiptamönnum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári. Þökkum ánægjuleg viðskipti á árinu sem er að líða.
www.velaverkjs.is

Óskar viðskiptavinum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.
**Formbólstrun**
Hamraborg 5 kóp, Hamrabrekkumegin S. 544 5750 www.hsbolstrun.is

Óskar viðskiptavinum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða
**TOPPBÍLAR** Kletthálsi 2 - 110 RVK - 587 2000
www.toppbilar.is

Óskar viðskiptavinum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári, þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.
Bílahöllin • Bíldshöfða 5 • 112 Rvk • S. 567 4949 • www.bilahollin.is

**BIFREIÐAVERKSTÆÐI KÓPAVOGS**
S. 587 1350
Óskar viðskiptavinum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári, þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.
SMIÐJUVEGUR 68, GUL GATA • KÓPAVOGUR
WWW.BIFREIDAVERKSTAEDI.IS

**HÖFÐAHÖLLIN BILO.IS**
Óskar viðskiptavinum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári, þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.
Höfðahöllin Funahöfða 1, 110 RVK, s. 567 4840, www.bilo.is

*Óskar viðskiptavinum sem og landsmönnum öllum Gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári*
Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða
**HÖFÐABÓN** Höfðabón ehf S: 552 7772 eða sendu á okkur línu á bonhofda@gmail.com

worknorth.is
*Óskar viðskiptavinum sem og landsmönnum öllum Gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári*
Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða.
**WORKNORTH**
Sími. 852-5804 | 852-5808 | worknorth@simnet.is

**HÖFÐI FASTEIGNASALA**
Suðurlandsbraut 52
108 Reykjavík
Sími 533 6050
Faxnr. 533 6055
www.hofdi.is



Runólfur Gunnlaugsson, lögg. fast. | Ásmundur Skeggjason, lögg. fast. | Brynjar Baldursson, sölufulltrúi | Jóhann Friðgeir Valdimarsson, sölufulltrúi | Kristinn Tómasson, lögg. fast.

**Jólakveðja starfsfólk Höfða fasteignasölu**

*Óskum viðskiptavinum okkar og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.*

*Þökkum viðskiptin á árinu.*



FRÍSKANDI BRAGÐ!
SUGARFREE GUM WITH MICROGRANULES
XYLITOL
WRIGLEY'S
Extra
WHITE
x21
SWEET MINT
WRIGLEY'S
Extra
TYGGÐU EXTRA EFTIR HVERJA MÁLTÍÐ UM JÓLIN
Tannlæknafélag Íslands mælir með notkun xylitols sem aðalsætuefnis í tyggigúmmíi

árið 2017, en hann bjó á Seyðisfirði í nágrenni við föður sinn. Upp frá því hefur Depla búið hjá Jóhanni og er honum augljóslega kær félagsskapur.

„Hún var hér næstum daglega og ég sótti hana reglulega og sagði þá alltaf við hann í gríni að ég væri að sækja hana svo hún einangraðist ekki alveg félagslega,“ segir Jóhann og brosir.

Jóhann var einn þeirra sem fengu að fara aftur heim á sunnudeginum eftir að rýmingu var aflétt að hluta. Þegar hann gekk inn heima hjá sér var rafmagnslaust og Depla tók ein á móti honum í myrkrinu. „Greyið, þegar ég opnaði dyrnar þá mjálmaði hún á ganginum með úfið skott.“

„Það hafði slegið hérna út í gróðurhúsinu,“ en í garðinum fyrir utan húsið stendur lítið gróðurhús sem hann sinnir reglulega.

„Ég þurfti að fara hérna í myrkrinu og taka allt úr sambandi. Ég er alltaf með lukt sem ég get gengið í ef rafmagnið fer af, en helduröu að peran hafi ekki verið farin í luktinni? Þetta var svona stund.“

### Reyndi að forða fjölskyldunni

Aðspurður hvort hann upplifi sig öruggan heima hjá sér eftir aurskriðurnar síðustu daga segir hann svo vera.

„Ég hef aldrei lent í þessu persónulega. En ég hef verið hræddur, þó ekki um mig, en það var í skriðunum 1950. Það var 18. ágúst 1950, ég man það vel, þegar fimm fórust á Strandarvegi,“ rifjar Jóhann upp.

„Ég var nefnilega sá fyrsti sem kom þar að. Ég var 16 ára og ég man það eins og það hefði gerst í gær.

Ég átti heima þar sem Síldarverksmiðjurnar voru uppi í hlíðinni. Það svæði var kallað Hæð og geng ég enn undir nafninu Jói á Hæð hjá gömlum Seyðfirðingum,“ segir Jóhann og má merkja að hann undirbýr sig fyrir erfiða frásögn.

Í húsinu við hlið heimilis Jóhanns og fjölskyldu bjó Sigfús Aðalbjörn Jónsson ásamt fjölskyldu sinni. Morguninn örlagaríka bankaði Aðalbjörn upp á, á heimili Jóhanns, því hann hafði áhyggjur af ástandinu í fjallinu.

„Allt í einu kemur maðurinn og stendur þarna í dyrunum hjá okkur,“ rifjar Jóhann upp, en fjölskyldan var þá að borða morgunmat. „Þá hafði hann farið til þess að sækja bíl til að flytja fjölskylduna inn í bæ. Þau áttu nefnilega heima inni í bæ, en dvöldu þarna á sumrin og ráku saltfiskverkun,“ segir Jóhann.

„Hann var ekki kominn langt frá húsinu þegar skriðan féll og hann sá að þetta bara fór. Hann missir þarna alla fjölskylduna nema eina dóttur. En þau fórust fimm,“ segir Jóhann.

### Gróf stúlku upp úr aurskriðu

Jóhann minnist þess að Aðalbjörn hafi kallað: „Þetta er allt farið!“ og að allir á heimilinu hafi stokkið upp.

„Ég var fyrstur út eftir,“ lýsir Jóhann, en um kílómetri var á milli húsanna. „Ég hljóp auðvitað alla leið þar sem ég var langfrískastur í hópnum, enda búinn að vera í áhaldafimleikum síðan ég var tólf ára,“ rifjar Jóhann upp og það er augljóst að upprifjunin tekur á hann.

„Ég man bara eftir því að þegar ég var kominn nálægt sá ég að allt var farið og enn þá allt á fullu nema stórgrýtið hafði stoppað. Moldin, moldarfossarnir, aurinn og smágrýtið var enn að rúlla niður í sjó.“ Jóhann segir hlaupið svo hafa stöðvast og að hann hafi hugsað með sér að hann yrði að spara orkuna til að eiga eitthvað eftir þegar hann kæmi að.

„Ég stökk á milli steina því ég vissi hvar húsið hefði verið. Ég sá hvar það hafði staðið og fór þangað. Þegar ég kom heyrði ég í stelpunni sem var sú eina sem lifði af. Dóttir þeirra. Hún var fimmtán ára.“

Stúlkan sem Jóhann bjargaði heitir Guðrún Sigríður Aðalbjörnsdóttir og er fædd árið 1935. Hún er enn á lífi í dag.



Jóhann segir Deplu eiga það til að vera freka við sig stundum þrátt fyrir að þeim komi vel saman. „Hún krækir stundum í skálmina á mér þegar það á að gefa henni.



**Það voru fagnaðarfundir á Reykjavíkurflugvelli þegar feðgarnir Jóhann og Sveinbjörn hittust í fyrradag, en Sveinbjörn hafði mikið fyrir því að sannfæra föður sinn um að koma í bæinn fyrir jól.**

„Ég heyrði í henni undir leðjunni en hún var langt niðri og ég þurfti að leggjast til að krafsa mig niður á milli steinanna þar sem ég náði að koma hendi að henni og koma við hana. Ég reyndi þá að róa hana og tala við hana. En þetta var helvíti ljótt. Því það var enn þá allt á ferðinni og hún var á kafi í leðju,“ lýsir Jóhann og segir það hafa verið erfitt að ná til hennar.

„Ég gat stundum náð sambandi við hana og svona gekk þetta, en eftir einhvern tíma kom fólk innan úr bæ. Menn með áhöld, skóflur og haka, en það gekk ekkert og á endanum þurfti að fá kranabíla til að hífa steinana ofan af.“ Samkvæmt umfjöllun Tímans árið 1950 tók björgunin rúma þrjá tíma.

### Óttaðist um systur sínar

„Svo þurfti ég að fara og hvíla mig en þegar ég fór heim, inn á Hæð, hafði fallið þar mjög stór skriða,“ segir Jóhann en systur hans tvær, Inga Hrefna og Fjóla, höfðu verið eftir í húsinu. „Ég man eftir því að hafa sagt við þær: „Stelpur, fylgist með fjallinu því það gæti komið skriða.“ Þegar ég svo kom að Hæðinni að leita að systrum mínum hélt ég að þær hefðu lent í skriðunni,“ segir Jóhann, sem opnaði dyrnar heima í leit að systrum sínum.

„Ég gleymi því aldrei þegar það komu fljótandi að mér sófapúðar í leðjunni. Ég fór að kalla á þær en fékk ekkert svar og þá varð ég hræddur,“ en leðjan náði honum upp í hné. Systurnar höfðu náð að forða sér en Inga Hrefna, eldri systirin, teymdi Fjólu og sluppu þær naumlega, en voru að sögn Jóhanns í kjölfarið alltaf hræddar við skriður.

Það er augljóst að minningin um þennan atburð er greypt í huga hans að sjötíu árum liðnum og upprifjunin tekur á, svo blaðamaður skiptir um umræðuefni og bendir á að Jóhann sé skráður bæjargjaldkeri Seyðisfjarðar í símaskránni. Jóhann brosir strax og segir í sama brandarastíl: „Jú, í nokkur ár, ekki nema 41 ár.“

Aðspurður hvernig jólin hjá honum verði segist hann vera að fara suður. „Ég var að lofa því áðan, sonur minn var að ýta á eftir mér.“

Það versta við að fara suður er augljóslega að skilja Deplu eftir, en Jóhann segir hana lítið vilja ferðast eftir að hann setti hana í búr og fór með hana til dýralæknis fyrir um fjórum árum. „Fólkið í næsta húsi er óskaplega góðir nágrannar og sér um hana þegar ég þarf að fara.“

### Missti konuna og son á einu ári

Jóhann býr einn á Seyðisfirði en á síðustu fjórum árum hefur hann ekki aðeins jarðað Sófus son sinn, heldur tvær systur sínar og eiginkonu sína, Svövu Sófusdóttur.

„Ég bý einn hérna, því þetta er búið að vera svolítið brött brekka hjá mér síðustu fjögur ár. Frá því Sófus dó,“ segir hann og þagnar um stund. „Því rúmu ári seinna dó konan,“ segir Jóhann klökkur.

Ástvinamissir undanfarinna ára hefur augljóslega tekið á.

„Já, þetta er svolítið skrýtið stundum, því það er ekki nóg með það, heldur akkúrat á þessum tíma dóu líka tvær systur mínar,“ segir Jóhann og á þar við Ingu Hrefnu og Fjólu.

Rödd Jóhanns brestur þegar hann talar um Svövu, eiginkonu sína heitna.

„Ég hef mikið hugsað til hennar á meðan þetta hefur gengið á hérna. Konan mín var voðalega næm fyrir öllum svona náttúruhamförum og skriðum, því hún var frá Eskifirði. Akkúrat frá þeim stað sem var rýmdur núna.“

Jóhann býður blaðamanni og ljósmyndara upp á kaffibolla sem er drukkinn í hæfilegri fjarlægð sökum COVID-19. Þegar við kíkjum inn í eldhús með honum er hann hellir upp á segir hann léttur að það hefði aldrei verið svona mikið drasl á eldhúsborðinu hefði konan hans enn verið á lífi. „Þá hefði allt verið hreint hérna,“ segir hann léttur í bragði.

### Hersetan á Seyðisfirði

Meðan á viðtalinu stendur heldur Depla sig í kjallaranum sem Jóhann kallar í léttu gríni „Pentagon“ eftir varnarmálaráðuneyti Bandaríkjanna. Jóhann hefur um árabil safnað skotvopnum sem hann geymir í kjallaranum, þó hann vissulega skjóti ekki jafn mikið og á árum áður. Hann segir áhugann hafa kviknað á stríðsárunum.

„Þegar maður er alinn upp á stríðsárunum fær maður dellu fyrir þessu,“ segir hann og minnist þess þegar hann og vinir hans stálu skotfærum af breska hernum á Seyðisfirði á stríðsárunum.

„Það var alltaf stórgrýti í kringum skotvopnageymsluna. Þegar maður var kominn of nálægt lét maður sig hverfa á bak við steina því það var alltaf vörður sem gekk fram hjá.“

Jóhann hefur sem fyrr segir varið nær allri sinni ævi á Seyðisfirði, en stríðsárin höfðu mikil áhrif á hann sem ungan dreng, þegar varnarlið Breta og síðar Bandaríkjamanna var með bækistöð á Seyðisfirði.

Seyðisfjörður var á þessum tíma skipalægi fjölmargra her- og kaupskipa. Jóhann var í firðinum þann 5. september 1942, þegar þýsk flugvél varpaði sprengjum á Seyðisfjörð í von um að sökkva einum báta



. En aldrei þegar ég er með bera leggi.“

**ÉG HEF MIKIÐ HUGSAÐ TIL HENNAR Á MEÐAN ÞETTA HEFUR GENGIÐ Á HÉRNA. KONAN MÍN VAR VOÐALEGA NÆM FYRIR ÖLLUM SVONA NÁTTÚRUHAMFÖRUM OG SKRIÐUM, ÞVÍ HÚN VAR FRÁ ESKIFIRÐI. AKKÚRAT FRÁ ÞEIM STAÐ SEM VAR RÝMDUR NÚNA.**

bandamanna í höfninni. Það gekk ekki en þess í stað lentu sprengjurnar á gömlum árabáti í fjörunni þar sem fjórir drengir á aldur við Jóhann voru að leik. „Ég man þetta mjög vel. Einn þeirra missti fótinn,“ segir Jóhann.

Drengirnir komust allir lífs af en sprengjuregnið hafði mikil áhrif á heimamenn.

**Slysadagurinn mikli**

Jóhann er fæddur þann 18. febrúar 1934, en á árum áður var sú dagsetning þekkt meðal Seyðfirðinga sem slysadagurinn mikli. „Þann dag, árið 1885, varð stóra snjóflóðið hérna þegar það fóru fimmtán hús og 24 Seyðfirðingar fórust. Sá dagur er þekktur sem slysadagurinn mikli,“ segir Jóhann.

Um er að ræða mannskæðasta snjóflóð sem vitað er um á Íslandi til dagsins í dag og þegar Jóhann fæddist var harmleikurinn heimamönnum í fersku minni.

Samkvæmt sagnfræðilegum heimildum hlóð niður snjó í þrjár til fjórar vikur í janúar. Smærri snjóflóð féllu framan af í febrúar, en stóra snjóflóðið féll úr Bjólfinum og yfir Fjarðaröldun utanverða.

Skriðan steyptist yfir bæinn snemma öskudagsmorguns á meðan fólk var enn í fastasvefni. Samkvæmt dagbók Lárusar Tómassonar, skólastjóra á Seyðisfirði, lentu 94 manneskjur í flóðinu.

Það má þakka samheldni Seyðfirðinga að ekki fleiri létust, en í dagbók Lárusar segir: „Fórust af þeim 24, en fyrir guðs dásamlega mildi komust hinir allir lífs af, sumir af sjálfsdáðum, aðrir voru grafnir upp. Tólf af þeim voru meira eða minna særðir og beinbrotnir.“

**Vildi halda kyrru fyrir**

Eftir að hafa búið í nær heila öld á Seyðisfirði þurfti allan sannfæringarkraft sonar Jóhanns til að fá hann til að yfirgefa bæinn eftir aurskriður undanfarinna daga.

Það er erfitt að halda öðru fram en að Seyðfirðingar eigi sterk tengsl við fjörðinn, þrátt fyrir allar þær hamfarir og hremmingar sem heimamenn hafa þurft að þola. Þessi tengsl eru að því er virðist órjúfanleg og styrkjast í hvert skipti sem náttúran reynir að breyta bænum í þann draugabæ sem blasti við blaðamanni á sunnudeginum, áður en heimamönnum var hleypt heim.

Jóhann lét þó undan á endanum og fyrir einskæra tilviljun var blaðamaður í sama flugi og varð vitni að fagnaðarfundum þeirra feðga.







# TÍMAMÓT



✝

Elsku eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**Ólöf Sylvía Magnúsdóttir**

Þingholtsstræti 27,

lést á hjúkrunarheimilinu Grund 16. desember.
Útförin fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík, mánudaginn 28. desember kl. 15.00.
Vegna aðstæðna verða eingöngu nánustu aðstandendur viðstaddir. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Barnaspítalasjóð Hringsins.

**Guðmundur Kr. Guðmundsson**
**Guðmundur Kristinn Guðmundsson**
**Guðrún Jóhanna Guðmundsdóttir**
**Dögg Guðmundsdóttir**
**og fjölskyldur.**



Hjartkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Þórdís Þorvaldsdóttir**

fyrrum borgarbókavörður,

andaðist 13. desember að Hrafnistu, Hafnarfirði.
Útför verður 30. desember kl. 13 í Fossvogskirkju, að viðstöddum nánustu ættingjum og vinum. Þeim sem vilja minnast Þórdísar er vinsamlegast bent á góðgerðarsamtök.
Streymi frá athöfn á utfor-thordisar.is

**Þorvaldur Jónsson** **Aðalbjörg Þórðardóttir**
**Guðrún J. Bachmann** **Leifur Hauksson**
**Gunnar Þór Jónsson**
**Sigrún Lára Jónsdóttir**
**ömmubörn og langömmubörn.**



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar eiginkonu minnar, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Guðrúnar Dagbjartsdóttur**

(Siddu)

sem lést 29. nóvember.

**Halldór Jónatansson**
**Dagný Halldórsdóttir** **Finnur Sveinbjörnsson**
**Rósa Halldórsdóttir** **Vilhjálmur S. Þorvaldsson**
**Jórunn Halldórsdóttir**
**Steinunn Halldórsdóttir** **Raj K. Bonifacius**
**ömmu- og langömmubörn.**

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á **timamot@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5055 .

# Ég reyni að halda velli

**Þó Indriði á Skjaldfönn sé nettengdur nútímamaður heldur hann jól að íslenskum sveitasið, hlýðir á útvarpsmessu og borðar heimareykt hangikjöt með uppstúfi í kvöld.**

Indriði Aðalsteinsson bóndi á Skjaldfönn við norðanvert Djúp, byrjar á að slökkva á jólalaga-útvarpi og ryksugunni áður en hann spjallar við mig. Hann býr einn og sinnir verkum inni auk þess að gefa á garðann í fjárhúsunum og fleira sem lýtur að búskapnum. „Við hjónin skildum í vinsemd, hún var orðin þreytt á þessum afdalabúskap og vildi heldur vinna sem leikskólakennari fyrir sunnan, börn og barnabörn eru komin þangað líka en ég reyni að halda velli.“

Hálfs mánaðar hvassviðri er nýgengið niður á svæðinu og einnig miklir vatnavextir. „Hraundalsáin sem kemur niður Skjaldfannardalinn sprengdi sig upp og miðbik dalsins varð mórauður hafsjór en svo ruddi áin sig til sjávar. Bæjaráin er yfirleitt ómerkileg spræna við bæjargaflinn, en nú hafði vatn safnast í nýjar fannir ofan við foss, sem hljóp fram af brúninni á stórum kafla þannig að stoðir undir nýrri brú yfir ána hanga eins og þvottur á snúru í vindi,“ lýsir Indriði. Hann segir það hjarnfönninni, sem bærinn heitir eftir, að þakka að ekki varð stórtjón, hún hafi drukkið í sig talsvert af vatnsflaumnum.

Indriði ætlar að ljúka útiverkum af í fyrra lagi í dag og vera búinn að fara í sturtu og betri fötin þegar heilagt verður og hlýða á útvarpsmessu. Snæða síðan hangikjöt sem hann reykti við tað, berjalyng og fjalldrapa, ásamt kartöflum og uppstúfi, áður en hann skyggnist í jólapakkana og kveikir á sjónvarpinu. **gun@frettabladid.is**



**Indriði bregður sér stundum til Hólmavíkur.** MYND/KRISTINN H.



✝

Okkar ástkæra

**Íris Dröfn Kristjánsdóttir**

andaðist á Hrafnistu í Hafnarfirði 10. desember 2020.
Útför hefur farið fram.
Hjartans þakkir til starfsfólks á Báruhrauni fyrir umönnun og kærleika. Þökkum samúð og vinarhug.

**Ástvinir og fjölskyldur hinnar látnu.**



✝

Okkar ástkæri

**Sveinn Skúlason**

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands þann 20. desember síðastliðinn.
Útför fer fram þann 4. janúar næstkomandi kl. 15.00 í Kópavogskirkju.
Vegna aðstæðna verða einungis nánustu aðstandendur viðstaddir athöfnina.
Þökkum sýndan samhug.

**Fyrir hönd fjölskyldu,**
**Steinunn Pétursdóttir**
**Elísabet, Ragnhildur og Pétur Björgvin**



✝

Hugheilar þakkir til allra sem sýndu fjölskyldunni hlýhug og samkennd við andlát okkar ástkæra

**Eiríks Gunnarssonar**

bifvélavirkjameistara,
Álfkonuhvarfi 21,
Kópavogi.

Sérstakar þakkir til þeirra sem önnuðust Eirík í veikindum hans.

**Bára Jensdóttir**
**Erna María Eiríksdóttir** **Höskuldur Örn Lárusson**
**Hrönn Eiríksdóttir** **Haraldur Bjarmi Pálsson**
**Salka Ósk, Ísabella Þóra, Sævar Leon, Hekla Ósk, Davíð Páll, Eiríkur Bjarmi**



✝

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Bjarni Helgi Kristbjörnsson**

lést á Hjúkrunarheimilinu Seltjörn mánudaginn 21. desember.

**Guðrún Inga Bjarnadóttir**
**Kristbjörn Bjarnason** **Steinunn Björg Jónsdóttir**
**Valgerður Bjarnadóttir** **Óskar G. Hallgrímsson**
**Ásta S. Ólafsdóttir** **Henrik Tryggvason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**


## Útfararþjónusta Rúnars Geirmundssonar

Stofnað 1990

**Traust fjölskyldufyrirtæki í áratugi**

Sími · 567 9110 · utfarir@utfarir.is · www.utfarir.is



Rúnar Geirmundsson



Þorbergur Þórðarson



Elís Rúnarsson



Sigurður Rúnarsson

Getur þú hugsað þér
**gleðilega hátíð án rafmagns?**




Við hjá RARIK óskum viðskiptavinum, samstarfsmönnum og landsmönnum öllum gleðilegra jóla með von um gott og orkuríkt ár. Við munum eins og áður leitast við að svara orkuþörf viðskiptavina yfir hátíðarnar, með öruggum hætti.

www.rarik.is

RARIK

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Fimmtudagur

Reykjavík 8 °C 12
Ísafjörður 6 °C 20
Akureyri 6 °C 9
Egilsstaðir 1 °C 2
Kirkjubæjarklaustur 1 °C 4
Hveravellir -1 °C 15

Víða 13-18 og rigning í dag, en 18-23 m/s norðvestanlands síðdegis. Hægari vindur og þurrt á Austurlandi fram á kvöld. Hlýnandi, hiti 4 til 12 stig seinnipartinn.

## Föstudagur

Reykjavík 5 °C 15
Ísafjörður 0 °C 10
Akureyri 1 °C 8
Egilsstaðir 1 °C 5
Kirkjubæjarklaustur 1 °C 6
Hveravellir -5 °C 14

## Laugardagur

Reykjavík -2 °C 7
Ísafjörður -2 °C 2
Akureyri -4 °C 1
Egilsstaðir -5 °C 3
Kirkjubæjarklaustur -4 °C 6
Hveravellir -9 °C 4

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | | 2 | | 4 | 5 | | 1 | |
| 1 | | 4 | 6 | | 2 | | 9 | |
| | 7 | 8 | 9 | | | | | |
| | 8 | | 1 | | | 9 | 6 | |
| 9 | | | | | | | | 7 |
| | 4 | 1 | | 9 | | 5 | | 2 |
| | | 3 | | | | | | |
| 7 | | | | | 4 | 6 | | |
| | 5 | | 2 | 1 | 7 | 3 | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2 | | | | 8 | 3 | 6 | |
| | | | | 3 | | 9 | | 7 |
| 1 | | | 9 | 2 | | | | |
| 7 | | | | 6 | | 8 | | |
| | | 8 | 4 | | | | 7 | |
| 6 | 1 | | | 8 | | | 3 | 5 |
| | | | | | | 6 | 4 | |
| 5 | | 3 | | | | | 8 | 9 |
| 4 | | | 3 | | | | | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 4 | 8 | | | | 3 | 7 |
| | | | | | | 4 | | 2 |
| | 9 | | | | | 5 | | |
| | | | | 1 | 9 | 7 | | 3 |
| | 7 | | 4 | | | 6 | | |
| 3 | 4 | 1 | | 6 | 2 | | | |
| | 2 | | | 5 | | | | |
| | 1 | 9 | | 7 | | | 6 | 8 |
| 7 | | 3 | | | | | | |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
**1** svall
**5** flaut
**6** ámæla
**8** ávöxtur
**10** átt
**11** margsinnis
**12** kirtill
**13** óviljugur
**15** eldsneyti
**17** klifun

**LÓÐRÉTT**
**1** ýlfur
**2** þráður
**3** herma
**4** ok
**7** kær
**9** tungumál
**12** pakki
**14** ögn
**16** auk




**LÁRÉTT: 1** slark, **5** píp, **6** lá, **8** ananas, **10** na, **11** oft, **12** bris, **13** ófús, **15** linkol, **17** stagl.
**LÓÐRÉTT: 1** spangól, **2** lína, **3** apa, **4** klafi, **7** ást-sæll, **9** norska, **12** búnt, **14** fís, **16** og.

## Skák Gunnar Björnsson

Nikitin á leik gegn Kusnezov í Sovétríkjunum sálugu árið 1975.

**1. Hxc6+! Kxc6 2. Hc1+** (2. Dc2+ Rc3+ 3. Dxc3+ Kd5 4. Bb7+ Dxb7 5. Dc5+ Ke4 6. Rd2+ Kd3 7. Dc3+ Ke2 8. De3# er ekki síður falleg vinningsleið). **2... Kd6 3. De5+! fxe5 4. dxe5+ Kd7 5. Bb5# 1-0.** Íslandsmótið í atskák hefst á netinu á laugardaginn. Mótið er öllum opið. Góð og fjölbreytt verðlaun.

**www.skak.is:** Gleðileg jól!

**Hvítur á leik**




| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 5 | 1 | 2 | 9 | 6 | 4 | 8 | 7 |
| 7 | 4 | 2 | 8 | 1 | 3 | 5 | 9 | 6 |
| 6 | 8 | 9 | 4 | 5 | 7 | 1 | 2 | 3 |
| 4 | 1 | 6 | 3 | 8 | 2 | 9 | 7 | 5 |
| 2 | 7 | 3 | 5 | 4 | 9 | 6 | 1 | 8 |
| 8 | 9 | 5 | 6 | 7 | 1 | 3 | 4 | 2 |
| 5 | 3 | 8 | 1 | 2 | 4 | 7 | 6 | 9 |
| 9 | 2 | 4 | 7 | 6 | 5 | 8 | 3 | 1 |
| 1 | 6 | 7 | 9 | 3 | 8 | 2 | 5 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 3 | 7 | 8 | 5 | 9 | 2 | 6 | 1 |
| 5 | 6 | 9 | 2 | 1 | 7 | 8 | 3 | 4 |
| 1 | 2 | 8 | 3 | 4 | 6 | 7 | 5 | 9 |
| 6 | 5 | 1 | 4 | 7 | 2 | 9 | 8 | 3 |
| 7 | 8 | 2 | 9 | 6 | 3 | 4 | 1 | 5 |
| 9 | 4 | 3 | 1 | 8 | 5 | 6 | 2 | 7 |
| 8 | 7 | 6 | 5 | 9 | 1 | 3 | 4 | 2 |
| 2 | 1 | 4 | 7 | 3 | 8 | 5 | 9 | 6 |
| 3 | 9 | 5 | 6 | 2 | 4 | 1 | 7 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 2 | 8 | 5 | 7 | 1 | 6 | 9 | 3 |
| 7 | 5 | 6 | 3 | 9 | 2 | 4 | 8 | 1 |
| 9 | 3 | 1 | 8 | 6 | 4 | 5 | 2 | 7 |
| 5 | 8 | 9 | 4 | 1 | 6 | 7 | 3 | 2 |
| 1 | 7 | 4 | 2 | 3 | 9 | 8 | 5 | 6 |
| 2 | 6 | 3 | 7 | 5 | 8 | 9 | 1 | 4 |
| 6 | 4 | 5 | 9 | 2 | 3 | 1 | 7 | 8 |
| 3 | 1 | 7 | 6 | 8 | 5 | 2 | 4 | 9 |
| 8 | 9 | 2 | 1 | 4 | 7 | 3 | 6 | 5 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.






## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




vodafone
Hringdu frítt*
til ástvina í
útlöndum
um jólin.
Mörg verðum við fjarri ástvinum um þessi jól. Þess vegna bjóðum við viðskiptavinum okkar með heimasíma og farsíma að hringja til útlanda* án endurgjalds á aðfangadag og jóladag. Við óskum þér gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári og þökkum við samfylgdina á árinu sem er að líða.
*Þau lönd sem hægt er að hringja til án endurgjalds:
Andorra, Austurríki, Ástralía, Bandaríkin, Belgía, Stóra Bretland, Danmörk, Finnland, Frakkland, Færeyjar, Holland, Hong Kong, Írland, Ítalía, Kanada, Kína, Kýpur, Lettland, Litháen, Lúxemborg, Noregur, Portúgal, Pólland, Singapúr, Slóvenía, Slóvakía, Spánn, Sviss, Svíþjóð, Taíland, Tékkland, Tævan og Þýskaland
vodafone.is




ANNAN Í JÓLUM
20:10

Hinn eini sanni Ingó býður landsmönnum upp á einstakt jólagigg ásamt einvala liði tónlistarfólks. Það eru þau Helga Möller, Elísabet Ormslev, Bjarni Ara, Eyfi, Þórdís Imsland og Rósa Björg sem taka þátt í ómissandi jólagiggi á Stöð 2.

Tryggðu þér áskrift
stod2.is




# DAGSKRÁ

# Aðfangadagur jóla

## HRINGBRAUT

**18.00 Aftansöngur í Hallgrímskirkju** Hringbraut hringir inn jólin í stærstu kirkju landsmanna með hátíðarsöng og predikun.
**19.00 Fríkirkjan í 120 ár** Saga Fríkirkjunnar við Tjörnina í 120 ár rakin í máli og myndum.
**20.00 Aftansöngur í Hallgrímskirkju** Hringbraut hringir inn jólin í stærstu kirkju landsmanna með hátíðarsöng og predikun.
**21.00 Fríkirkjan í 120 ár** Saga Fríkirkjunnar við Tjörnina í 120 ár rakin í máli og myndum.

## RÚV SJÓNVARP

**08.00 KrakkaRÚV**
**08.01 Kalli og Lóa - Hvað eru miklu fleiri mínútur til jóla?**
**08.23 Fjórði vitringurinn**
**08.49 Snædrottningin**
**09.12 Snjókarlinn og snjóhundurinn**
**09.36 Mímí og bergdrekinn - Jólasaga**
**10.00 Paddington**
**11.35 Jólastundin 2019**
**12.20 Jóladagatalið - Jól í Snædal**
**12.50 Táknmálsfréttir**
**13.00 Fréttir**
**13.20 Veður**
**13.25 Jólatónleikar Sinfóníuhljómsveitar Íslands**
**14.10 Jólamolar KrakkaRÚV. Jólatónlist**
**14.20 Jólastundarkorn. Jólabóla**
**14.25 Jóladagatalið. Snæholt**
**14.50 Konungur ljónanna. The Lion King** Sígild Disney-teiknimynd frá 1994. Myndin er talsett á íslensku en sýnd á sama tíma á RÚV 2 með ensku tali.
**16.20 Artúr bjargar jólunum**
**17.55 Útvarpsmessan**
**19.15 Nóttin var sú ágæt ein**
**19.30 Jól með Sissel**
**20.30 Helgistund á jólanótt með biskupi Íslands** Helgistund Kirkjunnar í Keflavíkurkirkju. Prestar Keflavíkurkirkju þjóna með biskupi ásamt sérþjónustuprestum. Barna- og kirkjukór Keflavíkurkirkju ásamt Vox Felix og Köngunum annast tónlistarflutning. Stjórnandi og organisti: Arnór B. Vilbergsson.
**21.30 Þetta er dásamlegt líf. It's A Wonderful Life** Klassísk jólamynd frá 1946 með James Stewart og Donnu Reed í aðalhlutverkum. Verndarengill kemur uppgefnum kaupsýslumanni til bjargar á jólunum og sýnir honum hvers virði líf hans er. Leikstjóri: Frank Capra.
**23.35 Miðnæturmessa - Páll Óskar og Monika.** Páll Óskar Hjálmtýsson og Monika Abendroth hörpuleikari halda hátíðlega miðnæturtónleika ásamt strengjasveit í Fríkirkjunni í tilefni 120 ára afmælis kirkjunnar. Séra Hjörtur Magni flytur hugvekju. Páll Óskar og Monika héldu miðnæturtónleika á aðfangadagskvöld í fyrsta sinn árið 2002 og hafa haldið í þá hátíðlegu hefð nær sleitulaust síðan.
**00.35 Eat Pray Love. Borða, biðja, elska**
**02.50 Dagskrárlok**

## GOLFSTÖÐIN

**09.00 European Tour 2020**
**13.30 PGA Tour 2020**
**19.40 PGA Highlights 2020**
**20.30 Champions Tour Highlights 2020**
**21.25 LPGA Tour 2020** Útsending frá CME Group Tour Championship.

## SJÓNVARP SÍMANS

**09.15 Hákarlabeita 2 - ísl. tal**
**10.35 Jónsi og riddarareglan - ísl. tal** Jónsi er ungur drengur sem dreymir um að gerast riddari sem berst við dreka, bjargar fögrum meyjum og ver konunginn fyrir óvinum ríkisins. Á þessa drauma vill faðir hans hins vegar ekki hlusta og krefst þess að Jónsi gerist lögmaður eins og hann.
**12.10 Hneturánið - ísl. tal**
**13.35 Megamind - ísl. tal**
**15.10 Madagascar - ísl. tal**
**16.35 Kötturinn með höttinn - ísl. tal**
**18.00 Jólatónlist**
**20.00 Four Weddings and a Funeral**
**21.55 Good Will Hunting**
**00.05 Legally Blonde**
**01.40 The Imitation Game** Sönn saga stærðfræðingsins Alans Turing sem smíðaði fyrstu tölvuna og réð með henni dulmál Þjóðverja í síðari heimsstyrjöldinni.
**03.30 Hysteria**
**05.10 Síminn + Spotify**

## RÚV RÁS EITT

**06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
**06.50 Morgunvaktin**
**07.00 Fréttir**
**07.30 Fréttayfirlit**
**08.00 Morgunfréttir**
**08.30 Fréttayfirlit**
**09.00 Fréttir**
**09.05 Segðu mér**
**10.00 Fréttir**
**10.03 Veðurfregnir**
**10.13 Ástarsögur** (1 af 4)
**11.00 Fréttir**
**11.03 Mannlegi þátturinn**
**12.00 Fréttir**
**12.20 Hádegisfréttir**
**12.55 Dánarfregnir**
**13.00 Jólin - Með okkar augum**
**14.00 Jóladjass og rólegheit**
**15.00 Útvarpsleikhúsið. Með tík á heiði**
**15.30 Hvergiland. Útópía við arineldinn**
**16.00 Síðdegisfréttir**
**16.05 Bönnuð jól**
**17.00 Húmar að jólum**

**17.45 HLÉ**

**18.00 Aftansöngur í Dómkirkjunni**
**19.00 Jólatónleikar útvarpsins**
**19.57 Jólavaka útvarpsins**
**22.05 Veðurfregnir**
**22.15 Jólaóratorían**
**00.47 Næturútvarp Rásar 1**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**10.10 Made of Honor**
**11.50 The Notebook**
**13.50 The Jane Austin Book Club**
**15.35 Made of Honor**
**17.15 The Notebook** Eldheit og sígild ástarsaga sem naut mikilla vinsælda er hún var sýnd í kvikmyndahúsum árið 2004.
**19.15 The Jane Austin Book Club**
**21.00 A Star Is Born** Mögnuð mynd frá 2018 með Bradley Cooper og Lady Gaga í aðalhlutverkum.
**23.10 Spider-Man. Far from Home** Mögnuð spennumynd frá 2019 með Tom Holland og fleiri stórgóðum leikurum. Skólaárið er á enda runnið og Peter Parker hlakkar til að fara í sumarfrí sem m.a. inniheldur skólaferð til Evrópu, þ. á m. til Feneyja og Lundúna.
**01.15 Opening Night**
**02.40 A Star Is Born**

## STÖÐ 2

**08.00 Jólasýning Skoppu og Skrítlu**
**08.50 Blíða og Blær**
**09.15 Bubbi byggir - jólin koma**
**10.05 Saving Santa**
**11.25 Tommi og Jenni**
**11.58 Veður**
**12.00 Fréttir Stöðvar 2**
**12.10 Jóladagatal Árna í Árdal**
**12.20 Matilda**
**13.55 Maya The Bee Movie**
**15.20 Snæfríður Snara bjargar jólunum**
**16.50 A Perfect Christmas**
**18.20 The Great Christmas Light Fight**
**19.05 A Nutcracker Christmas**
**20.30 A Heavenly Christmas**
**22.00 Jólatónleikar Fíladelfíu 2018**
**23.15 Lord of the Rings. The Fellowship of the Ring** Hringadróttinssaga er stórbrotið meistaraverk sem hreppti fern Óskarsverðlaun. Í þessu magnaða ævintýri segir frá Fróða hinum unga sem erfir máttugan hring eftir frænda sinn. Hringurinn, sem var talinn glataður um aldir, býr yfir krafti sem enginn mannlegur máttur ræður við.
**02.10 Bad Santa 2**
**03.40 A Bad Moms Christmas**

## STÖÐ 2 FJÖLSKYLDAN

**08.00 Barnaefni**
**20.00 Friends**
**20.20 Friends**
**20.50 Stelpurnar**
**21.10 Brother vs. Brother**
**21.55 Game of Thrones**
**22.55 Game of Thrones**
**23.50 Game of Thrones**
**00.55 Roswell, New Mexico**
**01.35 Friends**
**02.00 Friends**
**02.20 Stelpurnar**

## STÖÐ 2 SPORT

**09.00 FH - Valur 2019**
**09.20 Keflavík - Snæfell 2010**
**09.55 KR - Valur 2019**
**10.20 Keflavík - KR 2011**
**10.55 Valur - FH 2019**
**11.15 Stjarnan - KR 2011**
**11.50 Stjarnan - KR 2011**
**12.25 Þór Þ - Grindavík 2012**
**13.05 Körfuboltakvöld 2015/2016**
**15.00 Domino's körfuboltakvöld 2016/2017**
**17.05 Domino's körfuboltakvöld 2017/2018**
**18.50 Dominos körfuboltakvöld**
**20.05 1 á 1. Stelpurnar okkar á Mathúsi Garðabæjar**
**20.45 1 á 1. Strákarnir á Grillmarkaðnum**
**21.35 Hólmurinn heillaði** Heimildamynd eftir Garðar Örn Arnarson um tvöfalda Íslandsmeistara kvennaliðs Snæfells í körfubolta.
**22.50 Martin. Saga úr Vesturbæ**
**23.30 Goðsagnir - Pétur Ormslev**

## STÖÐ 2 SPORT 2

**07.00 Napoli - Torino**
**08.40 Roma - Cagliari**
**10.20 Sampdoria - Sassuolo**
**12.00 Spezia - Genoa**
**13.40 Udinese - Benevento**
**15.20 Alavés - Eibar**
**17.00 Real Betis - Cádiz**
**18.40 NFL Gameday** Hápunktarnir í NFL deildinni.
**19.05 Stoke - Tottenham**
**20.45 Everton - Manchester United**
**22.30 Brentford - Newcastle**
**00.10 Real Madrid - Granada**

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin




**VIRKA DAGA 8-19 / UM HELGAR 10-18**

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2–4 - 113 Reykjavík - 515-0800
upplysingar@bauhaus.is - www.bauhaus.is



2 Skemmtilegri
JÓLADAGUR




**EVEREST UNGI SNJÓMAÐURINN**
**18:40**

